

STÆRSTI ÁRLEGI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

HÖRPU, 24.–25. NÓVEMBER 2016



www.sjavarutvegsradstefnan.is

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Tilgangur félagsins er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kýs 6 manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af íslenskum sjávarútvegi til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

Næstu ráðstefnur og upplýsingamiðlun

Á vef félagsins sem er www.sjavarutvegsradstefnan.is gefst öllum tækifæri að koma með tillögur um efnistöð á næstu ráðstefnu og fulltrúa í stjórn félagsins. Á vefnum verður jafnframt hægt að sækja dagskrá og skrá sig á ráðstefnuna. Á vefsíðu félagsins verður einnig hægt að sækja erindi og önnur gögn sem gefin verða út í tilefni ráðstefnanna.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015/2016. Efri röð frá vinstri: Björn Brimar Hákonarson, Alda Gylfadóttir, formaður, Mikael Tal Grétarsson og Sverrir Guðmundsson. Neðri röð frá vinstri: Sara Lind Þrúðardóttir, Sigrún Mjöll Halldórsdóttir og Hrefna Karlsdóttir.




SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

HÖRPU, 24.–25. NÓVEMBER 2016

EFNISYFIRLIT

Formáli	4
Dagskrá.....	6
Framúrstefnuhugmynd 2016	12
Útdrættir erinda	18
Framúrstefnuhugmynd 2015	50
Framúrstefnuhugmynd 2014	52
Framúrstefnuhugmynd 2013	52
Framúrstefnuhugmynd 2012	54
Framúrstefnuhugmynd 2011	55
Sjávarútvegsráðstefnan 2015	56
Sjávarútvegsráðstefnan 2014	58
Sjávarútvegsráðstefnan 2013	60
Sjávarútvegsráðstefnan 2012	62
Sjávarútvegsráðstefnan 2011	63
Sjávarútvegsráðstefnan 2010	64



Öflugur samstarfsaðili í sjávarútvegi

Hjá Landsbankanum starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu sem aðstoðar þig við að koma hugmyndum í framkvæmd. Við tökum virkan þátt í uppbyggingu í sjávarútvegi og erum traustur bakhjarl og samstarfsaðili.



Formáli

Í ár er Sjávarútvegsráðstefnan haldin í 7. skipti. Hún hefur farið stækkandi frá ári til árs og sprengt utan af sér hvert ráðstefnuhúsið á fætur öðru og verður því haldin nú í fyrsta sinn í glæsilegum söllum Hörpu.

Í Hörpu eru margir fyrirlestrarsalir, auk þess er nægt básarými í Hörpu sem veitir styrktaraðilum mun betra tækifæri til að kynna og koma sínum vörum og þjónustu á framfæri, sem er vel.

Það er magnað að sjá hversu áhugi Íslendinga og erlendra gesta eykst jafnt og þétt á þeim málefnum sem eru kynnt og rædd á ráðstefnunni ár hvert. Ráðstefnan hefur leitast við að vera með puttann á púlsinum varðandi þau mál sem brenna á greininni hverju sinni auk nýjunga í sjávarútvegi og má með sanni segja að Íslendingar séu meðal þeirra fremstu í heiminum þegar kemur að málefnum Sjávarútvegsins, hvort heldur sem um ræðir tækninýjungar, umhverfismál, sjálfbærni, orkusparnað, fullvinnslu á hliðarafurðum eða nýsköpun, svo dæmi séu tekin.



Til að gefa lesendum örlitla innsýn í það sem boðið verður uppá á ráðstefnunni í ár, ætla ég rétt að renna yfir nokkur af þeim málefnum sem rædd verða á ráðstefnunni.

Ráðstefnan í ár opnar á mikilvægu máli, „**Íslenskum sjávarútvegi og utanríkismálum**“. Þar verður meðal annars farið yfir áhrif viðskiptabanns Rússlands á fiskútflutning og áhrif Brexit á Íslenskan sjávarútveg. Klárlega málstofa sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Afhending framúrstefnuverðlauna verða veitt í lok upphafsmálstofu.

Laxeldi verða gerð góð skil á ráðstefnunni, en þar verða tvær málstofur, hver á eftir annarri, tileinkaðar laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni. Mikið verður af erlendum fyrirlesurum á báðum málstofum og helstu sérfræðingar okkar í laxeldi á Íslandi fara yfir sviðið.

Þróun í olíuverði verður til umfjöllunar í ár. Þar verða meðal annars áhrif olíuverðs á markaði fyrir uppsjávarfisk skoðuð og áhrif olíuverðs á afkomu Ísfélags Vestmannaeyja. Þróun á skreiðarmörkuðum verður einnig til umfjöllunar.

Meðal umræðuefna sem tekin verða fyrir er sú gífurlega **tæknibylting sem orðið hefur við fiskileit og fiskveiðar** á örfáum áratugum, en öll fiskileitartæki hafa meira og minna þróast í tölvutækt viðmót. Nokkrir af okkar reyndustu sérfræðingum munu fara yfir sviðið og deila með gestum sinni reynslu, fyrr og nú í þróun tækja til fiskileitar.

Tæknibylting í bolfiskvinnslutækni á Íslandi er heiti á einni af málstofunum, en þar er íslenskt hugvit fremst á öllum sviðum, allt frá flökun til samvals og pökkunar. Þar munu nokkrir fagaðilar fara yfir sína reynslu og þá byltingu sem orðið hefur á allra síðustu árum, auk þess sem þeir munu deila með okkur sínum villtustu óskum varðandi frekari sjálfvirkni til framtíðar.

Fiskifræði sjómannsins og Hafró hefur verið hitamál síðustu áratugi og þótti okkur rétt að leitast við að koma þeirri umræðu upp á yfirborðið. Án efa spennandi málstofa sem enginn má missa af.

Auk þessarar upptalningar verða rædd málefni eins og **Orkunýting og orkusparnaður, fullnýting í verðmætar afurðir, markaðssetning á Íslenskum fiski á veitingahúsamarkaðinn** o.fl.o.fl.

Ráðstefnuna endum við svo á málstofu um „**Stöðu og tækifæri á bolfiskmörkuðum**“. Síðbreytilegt umræðuefni um framboð og eftirspurn, samkeppnisstöðu, viðhorf, ímynd og hagsmuni greinarinnar. Án efa ein af athyglisverðustu málstofum ráðstefnunnar.

Með þessum orðum vil ég færa öllum styrktaraðilum, fyrirlesurum og málstofustjórum okkar bestu þakkir fyrir þeirra framlag á Sjávarútvegsráðstefnunni 2016.

Hlakka til að sjá ykkur í Hörpu 24.-25.nóvember.

Alda Agnes Gylfadóttir
Formaður stjórnar.

FERSKLEIKINN ER **SAMVINNA**

Þegar ferskleikinn skiptir höfuðmáli er helsta fyrirstaðan ekki fjarlægðin, heldur tíminn sem líður.

Saman vinnum við að því að hámarka verðmæti íslenskra sjávarafurða með því að viðhalda bestu mögulegum gæðum og ferskleika.

6 FIMMTUDAGURINN 24. NÓVEMBER
09:00 Afhending gagna

Silfurberg	
Íslenskur sjávarútvegur og utanríkisráðgjafi	
Málstofufjórði: Alda Gylfadóttir	
10:30 Setning, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands	Örfyrirlestrar í málstofunni Fullnýting í verðmætar afurðir:
10:35 Utanríkisstefna Íslands í sjávarútvegsmálum, Stefán Haukur Jóhannesson	IceProtein®, hágæða þorskróttun úr afskurði, <i>Hálmfríður Sveinsdóttir</i>
10:50 Áhrif viðskiptabanns Rússlands á fiskútlutning frá Íslandi, <i>Tettaur Gylfason</i>	Lækningsvörur úr hlíðarafurðum þorsks, <i>Bjarki Stefánsson</i>
11:05 Brexit, <i>Gunnar Snorri Gunnarsson</i>	Markaðssetning og branding aukafurða (framúrstefnuhugmynd), <i>Hrönn M. Magnúsdóttir</i>
11:20 Höfum við séð það svartara? <i>Jens Garðar Helgason</i>	Kítosan – Fjölhæft trefjafni úr tækjuskel, <i>Hélène Liette Lauzon</i>
11:35 Umræður	Fullvinnsla á Reykjanesi, <i>David Tómas Davíðsson</i>
11:55 Afhending framúrstefnuverðlauna, <i>Hjálmar Sigurþórsson</i>	Auðgun á tilbúnum fiskréttum og grænmetisréttum með Omega-3, <i>Grímur Þór Gíslason</i>
	Margildi – Ný uppspretta Omega-3 (framúrstefnuhugmynd), <i>Snorri Hreggviðsson</i>

Matur: 12:00–13:00

Málstofa A1 Silfurberg B	Málstofa B1 Silfurberg A	Málstofa C1 Norðurljós
 Sala og dreifing á íslenskum fiski á HORECA Málstofufjórði: Axel Pétur Ásgeirsson	Sögu af þróun í sjávarútvegi á Íslandi Málstofufjórði: Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir	Tæknibreytingar við fiskveiðar og fiskleit Málstofufjórði: Þorsteinn Sigurðsson
13:00 The future of HORECA is branding – the key to success, <i>Gaute Høgh</i>	13:00 Sagan um saltfiskinn, <i>Sigurjón Arason</i>	13:00 Hvernig er hægt að nýta skráningar frá Afladagbókum við skipulag veiða? <i>Stefnir Gunnarsson</i>
13:20 Lenging virðisbæturinnar, <i>Björn Jóhannesson</i>	13:20 Ávintýri ferskfrísk flakanna, <i>Sæmundur Elíasson</i>	13:15 Hvað er í pokanum? – Þekking skipstjórnans á aflanum áður en hafi er Haraldur Arnar Einarsson, <i>Hafrannsóknastofnun</i>
13:35 Building a strong fish and seafood position in the HORECA market in Germany <i>Hartwig Retzlaff</i>	14:00 Tæknipróun byggð á vísindum, <i>Bergur Guðmundsson</i>	13:30 Uppsýrðarveiðar – Notkun nýjustu tækni við uppsýrðarveiðar – samstarf við hafrannsóknir, <i>Geir Zoega</i>
13:50 Markaðsverkefni á söluþuðum þorski í Suður-Evrópu, hver er reynslan og hvað hefur áunnist? <i>Guðný Káradóttir</i>	14:20 Umræður	13:45 Framúrstefnuhugmynd: Marsýn, upplýsingakerfi fyrir sæfarendur, <i>Guðrún Marieinsdóttir</i>
14:05 Sjálfbært Ísland, <i>Baldvin Jónsson</i>		14:00 Predicting herring distributions during winter, <i>Jed Macdonald</i>
14:20 Umræður		14:15 Umræður

*Þýðing úr íslensku í ensku

Kaffi: 14:45–15:15

Málstofa A2 Silfurberg B	Málstofa B2 Silfurberg A	Málstofa C2 Norðurljós
 Vottun og áhrif á sölu íslenskra sjávarafurða Málstofufjórði: Ina Björg Össurardóttir	Fullnýting í verðmætar afurðir Málstofufjórði: Margrét Geirsdóttir	Orkunotkun og orkusparnaður við veiðar og siglingu Málstofufjórði: Jonas Víðarsson
15:15 Rauða spjaldid, <i>Hlynur Guðjónsson</i>	15:15 Leiðin til framtíðarvaxtar liggur um lífhagkerfið, <i>Sveinn Margeirsson</i>	15:15 Yfirfliserindi um orkunotkun, <i>Kristján Vilhelmsson</i>
15:35 Vottun, vesen eða verðmæti? <i>Valgerður Ásta Guðmundsdóttir</i>	15:35 Meðhöndlun á aukahráefni, <i>Einar Þór Lárusson</i>	15:45 Tvinnskip og græn tækni, <i>Hjörtur Emilsson</i>
15:50 Vottun sjálfbærra veiða: Bakgrunnur og þróun, <i>Kristján Þórarinnsson</i>	15:50 Sjö örfyrirlestrar – Afurðir úr aukahráefni	16:00 Stórar skráir og orkusparnaður, <i>Rakel Sevársdóttir</i>
16:05 Vottun og áhrif á sölu íslenskra sjávarafurða: Hver er upplifun framleiðenda? <i>Þorsteinn Magnússon</i>	16:40 Umræður	16:15 Hönnun veiðafæra og orkusparnaður, <i>Haraldur Arnason</i>
16:20 Fiskurinn frá Íslandi er sjálfbær, <i>Kristinn Hjálmarsson</i>		16:30 Umræður
16:35 Umræður með fulltrúum frá MSC og IRF		

17:00–19:00 Móttaka í boði Landsbankans

 Málstofa A3 Siffurberg B	Málstofa B3 Siffurberg A	Málstofa C3 Norðurljós
Laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni – Staða – Framtíðarsýn -Stefna Málstofufjórði: Hermann Kristjánsson 09:30 Staða fiskeldis á Íslandi og áskoranir, <i>Höskuldur Steinarsson</i> 09:45 Salmon farming – Food production's ugly duckling?, <i>Peder Strand</i> 10:05 Innovation as a driver of growth in the Scottish fish farming industry, <i>Heather Jones</i> 10:25 Hvað má læra af Norðönnum, og hvað alls ekki, í þróun íslenska eldisins, <i>Gunnar Davíðsson</i> 10:45 Large Smolts in Salmon Farming, <i>Ragnar Joensen</i> 11:05 Umræður	Þróun í olíuverði – ógnir og tækifæri í okkar viðskiptalöndum Málstofufjórði: Haukur Ómarsson 09:30 Olíuverð – þróun og áhrifaþættir, <i>Hallveig Ólafsdóttir</i> 09:50 Svarta sullið og aðrir pyttir, <i>Örvar Guðni Arnarson</i> 10:10 Áhrif olíuverðs á skreidarmörkuðum, <i>Arni Bjarnason</i> 10:30 Áhrif olíuverðs á markaði fyrir uppsjávarfisk, <i>Hermann Stefánsson</i> 10:50 Umræður	„Fiskifræði sjómannsins“ og Hafró Málstofufjórði: Sigurgeir Þorgeirsson 09:30 Samstarf Hafmannsóknastofnunar og sjómanna – hvað hefur Hafró gert til að tengjast sjómönnum og nýta upplýsingar frá þeim? <i>Þorsteinn Sigurðsson</i> 09:50 Viðhorf skipstjóra á bolfskveiðum, <i>Grélar Þorgeirsson</i> 10:05 Viðhorf skipstjóra á uppsjávarveiðum, <i>Guðlaugur Jónsson</i> 10:20 Ákvörðun um heildarafla – raðgjöf, aflaregla, stimplun / – sjónarmið sjómanna, markaður og tækifæri, <i>Örn Pálsson</i> 10:35 Þáttur sjómanna í öflun, miðlun og túlkun upplýsinga um fiskistofna: Hugleiðing um mikilvægi og þróun viðhórfa, <i>Kristján Þórarinnsson</i> 10:50 Umræður


Kaffi 11:20–11:50

 Málstofa A4 Siffurberg B	Málstofa B4 Siffurberg A	Málstofa C4 Norðurljós
Laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni – Staða – Framtíðarsýn – Stefna (frh.) Málstofufjórði: Hermann Kristjánsson 11:50 When will we operate fish farming with an iPhone?, <i>Jostein Refsnes</i> 12:10 Tækni, Aðferðir, Nýjungar, <i>Benedikt Halldórnarson</i> 12:30 Latest innovations and developments in well boat services, <i>Roger Halsebakk</i> 12:50 How to position premium salmon from Iceland, <i>Kristian Matthíasson</i> 13:05 Umræður	Aukin verðmætasköpun í uppsjávarfiski og grænu skrefin Málstofufjórði: Páll Scheving 11:50 Staða og horfur í veiðum á uppsjávarfiskum á næstu árum og áratugum, <i>Guðmundur Jóhann Óskarsson</i> 12:10 Þróun í frystingu á loðnu, <i>Sindri Sigurðsson</i> 12:30 Upphaf og þróun loðnuhrognavinnslu á Íslandi, <i>Steindór Gunnarsson</i> 12:50 Grænu skrefin í fiskimjölsvinnslu – notkun rafmagns, hreinsun á frárennsli og vottun, <i>Garðar Svavarsson</i> 13:10 Umræður	Þróun og framtíðarhorfur í bolfskivinnslutækni Málstofufjórði: Alda Gylfadóttir 11:50 Frá fortíð til framtíðar, <i>Ægir Jóhannsson</i> 12:05 Tækninýjungar á vinnsludekki frystitogara, <i>Björn Frímannsson</i> 12:20 Er hægt að ná fullkominni sjálfvirknivæðingu í fiskvinnslu? <i>Gísli Kristjánsson</i> 12:35 Álit á þeim búnaði sem er til staðar og framtíðarsýn, <i>Ómar Enósson</i> 12:50 Umræður með fulltrúum frá tækjaframleiðendum

Kaffi 13:40–14:10


 Norðurljós	Kaldalón
Staða og tækifæri á bolfskivinnslu Málstofufjórði: Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson 14:10 Framboð og eftirspurn á hvítfiski og tækifæri á nýjum mörkuðum, <i>Jón Þrándur Stefánsson</i> 14:25 Tækifæri Bolfskis á mörkuðum, hvað eru samkeppnin að gera? <i>Helgi Arton Eiríksson</i> 14:40 European Procurement Manager Seafood and Ingredients, <i>Andrei Kouznetsov</i> 15:00 Viðhorf, ímynd og hagsmunir, <i>Sólveig Arna Jóhannesdóttir</i> 15:15 Umræður 15:40 Lokaávarp, <i>Sjávarútvegsráðherra</i> 15:45 Ráðstefnulok	Aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar enf. 16:00 Kosning fjögurra nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2017 o.fl.

Ráðstefnusalir í Hörpu



2ND LEVEL

SCALE 1:350 / A3



1ST LEVEL

SCALE 1:350 / A3

YFIR HAFIÐ OG HEIM




Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki sem veitir alhliða flutningaþjónustu, byggða á áreiðanlegu og skilvirknu framleiðslukerfi á Norður-Atlantshafi og alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun, með framúrskarandi þjónustu að leiðarljósi.

Eimskip myndar þannig trausta og örjúfanlega keðju flutninga frá sendanda til móttakanda, yfir hafið og heim.



Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | eimskip.is

Sýningarrými í Flóanum í Hörpu



1. Eimskip (3 m x 2 m)
2. Landsbankinn (3 m x 2 m)
3. Marko Partners (2 m x 2 m)
4. Hampiðjan (2 m x 2 m)
5. Oddi (3 m x 2 m)
6. Marel (2 m x 2 m)
7. Pólar toghlerar (2 m x 2 m)
8. Wise (2 m x 2 m)
9. Íslandsstofa (2 m x 2 m)
10. Háskólinn á Akureyri
(2 m x 2 m)
11. Mátis (2 m x 2 m)
12. Skaginn (2 m x 2 m)
13. Curio (2 m x 2 m)
14. Valka (2 m x 2 m)
15. Samhentir (2 m x 2 m)
16. Sæplast (2 m x 2 m)
17. Protis (2 m x 2 m)
18. Vélfag (2 m x 2 m)
19. TM og frumkvöðlar
(6 m x 2 m)



Icelandic Seafood –
vörumerki í fremstu
röð í sjávarútvegi á
alþjóðlegum mörkuðum

ICELANDIC[®]
SEAFOOD

www.icelandic.is




Svifaldan 2016

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar

Í ár er í sjötta sinn keppt um verðlanagripinn „Svifölduna“ á Sjávarútvegsráðstefnunni. Verðlaunin eru gefin af TM og eru veitt fyrir þá Framúrstefnuhugmynd sem þykir best sameina nýsköpunarkraft, frumleika og raunhæfni sem leiða muni til virðisauka, aukinnar sjálfbærni eða bættrar ímyndar íslensks sjávarútvegs. Að þessu sinni bárust átta framúrstefnuhugmyndir í keppnina, sem í grófum dráttum má skipta í fjóra hópa. Helmingur hugmynda snúa upp lýsingatækni og bættri nýtingu gagna innan allrar virðis-keðju veiða, vinnslu og markaðssetningar. Tvær hugmyndir horfa til nýrrar umhverfissvænni hönnunar, tækni og nýtingu vistvænna orkugjafa við veiðar. Ein hugmynd fjallar um innleiðingu á ofurkælingu afla og afurða frá veiðum eða slátrun alla leið á markað. Að lokum er svo nýstárleg hugmynd um notkun gervigreindar við veiðar (Mynd 1).

Framúrstefnuhugmyndir 2016



Skipting áherslusviða framúrstefnuhugmynda 2016

Hér á eftir er kynning á öllum hugmyndunum, en þrjár þeirra verða valdar til að fá sérstaka viðurkenningu og ein þeirra mun hljóta Svifölduna og titilinn Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2016.

Vefurinn Sporður – Opinn og gagnsær sjávarútvegur

Opinber umfjöllun á mörkuðum fyrir íslenskar sjávarafurðir einkennist oft af spurningum sem snúa að sjálfbærni veiðanna, ótta um ofveiði fiskistofna og mengun sjávar. Ráðleggingar um hvaða fisk má kaupa eru oft úreltar, misvísandi og byggðar á röngum upplýsingum eða öfgakenndum skoðunum. Opinn aðgangur að ítarlegum upplýsingum og gögnum um hafið, veiðar og eldi er mikilvæg leið til þess að mæta þessum áhyggjum og um leið til að stuðla að málefnalegri umræðu og hafa áhrif á ákvarðanir kaupenda. Sporður væri sameiginlegur vefur allra opinberra stofnana og félaga sem starfa í eða koma að sjávarútveginum. Það eru Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa, Matvælastofnun og Mátis með þátttöku ráðuneyta og einstakra samtaka. Þeir sem starfa í greininni geta hér nálgast öll gögn og upplýsingar. Sporður er svar sjávarútvegsins við kröfum kaupenda og seljenda sjávarafurða á erlendum mörkuðum um ábyrga umgengni og sjálfbæra nýtingu sjávarfangs. Þannig getur íslenskur sjávarútvegur tekið aftur forystu í umræðu um

fiskveiðistjórnun og nýtingu auðlinda sjávar og dregið úr líkum á því að upp komi hindranir á mörkuðum.

Í dag þarf að leita víða að þeim upplýsingum sem Sporður á að veita. Í sumum tilfellum eru þær ekki aðgengilegar, illskiljanlegar og jafnvel úreltar eins og vefur sjávarútvegsráðuneytisins www.fisheries.is. Auk þess er áherslan hér á landi oft að mestu einskorðuð við allra mikilvægustu tegundirnar, eins og t.d. þorsk og síld, en það eru yfir 30 aðrar mikilvægar tegundir sem nytjaðar eru hér við land sem þarf ekki síður að vekja athygli á og veita upplýsingar um til að auðvelda sölu á sjávarafurðum á mörkuðum erlendis.

Staða hugmynda: Á frumstigi / einstaklingur

Tengiliður: Kristján Hjaltason

Kortlagning veiðisvæða í kringum Ísland

Hugmyndin gengur út á miðlægan gagnabanka (kerfi) sem kortleggur veiðisvæðin í kringum Ísland og safnar upplýsingum sem geta hjálpað við stýringu vinnslu og veiða. Kerfið, sem yrði í formi heimasíðu, snýst um gagnkvæmt upplýsingaflæði á milli fiskiskipa og fiskvinnsla til að auðvelda ákvarðanatöku í vinnslu og hámarka gæði afurða og jafnframt stýra veiðum á ákveðnum svæðum og gera ráðstafanir á afla. Markmiðið er að bæta ímynd íslensks sjávarútvegs og skapa nýja hugsun sem miðar að því að vinna sameiginlega að því að auka upplýsingaöflun hjá öllum fiskvinnslum og fiskiskipum í kringum Ísland og stuðla að auknum gæðum afurða og hafa áhrif á verðmyndun á mörkuðum.

Staða hugmynda: Á frumstigi / einstaklingur

Tengiliður: Bjarni Rúnar Heimisson

TraceAPPability

Hugmyndin er smáforrit (e. app) í snjallsíma og vefsíðukerfi sem seljendur á fisk geta nýtt sér til þess að auka verðmæti vöru sinnar og búið til skemmtilega upplifun fyrir neytendur afurða sinna. Um er að ræða kerfi sem seljendur fisks geta notað til að safna ítarlegum upplýsingum úr ferlinu sem kemur fisk á disk og birt hana fyrir neytendum á skemmtilegan máta. Kerfi sem er sett upp á vefsíðu sem seljendur á fiski geta nýtt sér til þess að safna saman upplýsingum um fisk sem þeir eru að selja, þetta geta verið bátar, útgerðir, fiskmarkaðir, fiskvinnslur eða smásalar. Neytandi vöru fær þá tækifæri til að sjá sögu fisksins sem hann er að fara að borða og auka rekjanleika vörunnar því þarna er hægt að rekja ferlið sem kemur fisk á disk.

Staða hugmynda: Á frumstigi / einstaklingur

Tengiliður: Bjarni Rúnar Heimisson

Særafall

Særafall er eins og orðið gefur til kynna rafall sem framleiðir rafmagn á sjó. Það er staðreynd að vindur er endurnýjanlegur orkugjafi. Það er líka staðreynd að fiskimiðin við Ísland, sem sótt eru af íslenskum fiskiskipum, eru mjög vindasöm og að vindhraði á sjó er talsvert meiri en á landi. Þannig sýna rannsóknir að nýting vinds í föstum vindmillum er 24% á landi meðan hún er 42% á sjó. Vinna við hönnun og

Saman í lífsins ólgusjó



*„Þá voru bara
hörkutól á togurum“*

1963 - Halldór Georg Magnússon fór í sinn fyrsta túr þegar hann var 16 ára. Þá munstraði hann sig á nýsköpunartogarann Ask RE.

1966 - Eftir að Aski RE er lagt fer Halldór á togarann Sigurð RE. Hann varði allri sinni sjómannstíð á togurum, meðal annars á Karlsefni, Dagstjörnunni, Guðmundi Jónssyni og Ásgeiri.

1981 - Halldór ræður sig til útgerðarfélagssins Ögurvíkur. Hann stundaði sjósókn á skipum Ögurvíkur í hartnær 32 ár.

2013 - Halldór kemur í land eftir 50 gjöful ár á sjónum. Hans síðasti túr var á frystitogaranum Frera RE sem var upphaflega einn af hinum svonefndu Spánartogurum.

*Í 60 ár hefur saga
TM verið samofin
sögu sjósóknara og
sjávarútvegs*

Árið 1956 urðu tímamót í sögu sjávarútvegs á Íslandi.

Þetta ár var TM stofnað af aðilum sem tengdust sjávarútvegi sterkum böndum. Félagið er í dag leiðandi á sviði váttrygginga-þjónustu fyrir sjávarútveginn og hefur sérhæft sig í lausnum sem tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar, jafnt á sjó sem landi.

Hjá TM starfar sérstakt teymi sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á sjávarútvegi og sérstökum þörfum hans á sviði váttrygginga.

TÍMAMÓT með



framleiðslu særafals myndi eiga sér stað hér á landi og væri þannig virðisaukaskapandi. Særafallinn myndi framleiða rafmagn sem aftur leiðir til þess að orkunotkun á brennandegum orkugjöfum minnar. Slík framleiðsla sparar bæði fjármuni í formi gjaldeyris og leiðir til minnkandi mengunar af hálfu fiskiskipaflotans sem aftur leiðir til þess að afurðir slíkra skipa teldust grænni og vistvænni. Orkan sem myndi knýja særafallinn er óþrjótandi. Frumleiki særafalsins felst í einfaldleika hans. Hann er ódýr í rekstri. Það þarf engan

mannskap til þess að stjórna honum. Hann sér um sig sjálfur. Hann sefur í logni og puðar í roki.

*Staða hugmyndar: Á frumstigi /einstaklingur
Tengiliður: Guðni Á. Haraldsson*

Strandveiðibjarki með fjarstýringu

Hugmyndin felst í því að strandveiðibáttjarka er fjarstýrt frá landi eða móðurskipi á sjó til að stunda krókaveiðar á grunnmiðum. Fjarstýringin er að hluta til framkvæmd með

gervigreind, og að hluta til með mannskap með sérþekkingu á veiðum og siglingu sem stýrir bátum úr fjarlægð. Með þessu móti næst að margnýta þekkingu til veiða og siglinga, en einnig er sjósókn til krókaveiða gerð óháðari tíma, veðri og mannafla, auk þess sem hægt er að sérsníða geymslurými báttjarkans að meiri afla þar sem ekkert pláss þarf fyrir mannskap um borð. Þetta þýðir lengra úthald í hvers kyns veðrum (með óþreyttari mannskap sem stýrir frá landi) og því meiri afla úr hverri ferð.

Þróun á báttjörkum er þegar hafin, en er aðallega á sviði hernaðar og landhelgisgæslu, og þróun á Strandveiðibáttjörkum myndi nýtast til að keppa á þeim sviðum, en njóta mætti vissrar einokunar á sviði sjávarveiða alla vega um nokkurra ára skeið. Gott væri að beina Háskólarannsókn-um Íslendinga á þetta svið og leysa verkfræðileg og hugbúnaðartengd verkefni sem þetta innifelur.

*Staða hugmyndar: Á frumstigi
/einstaklingur
Tengiliður: Árni Thoroddsen*

Ofurkæling

Umsækjendur hafa undanfarið hálf tann á stundað rannsóknir á ofurkælingu í samstarfi við aðila á Íslandi, Noregi, Finnlandi og Danmörku. Um er að ræða fyrirtæki sem stunda rannsóknir, veiðar, eldi, vinnslu og áframvinnslu fyrir neytendamarkað. Verkefninu mun ljúka

Áreiðanleiki - Öruggrarahlutabjónusta - þekking og góð þjónusta



VÉLFAG
FISKVINNSLUVÉLAR

20 ÁRA
1995
2015
velfag.com


Við höfum þjónustað
Íslenskan sjávarútveg
og fiskvinnslur óslitið
frá árinu 1995

Vélfag ehf. // Múlavegur 18 / 625 Ólafsfjörður /// Njarðarnes 2 / 603 Akureyri /// 466 2635 // sales@velfag.is

UMBÚÐIR & PÖKKUN ERU OKKAR FAG

Á síðustu 10 árum hafa íslensk og færeysk sjávarútvegs fyrirtæki endurnýjað og fjárfest fyrir milljarða í landvinnslu og skipum fyrir uppsjávarfisk. Öll eiga þessi fyrirtæki það sameiginlegt að hafa valið Afak pökkunarlínu með Markem prentlausn frá Samhentum og eru nú yfir 40 Afak pökkunarlínu á Íslandi og Færeyjum frá Samhentum.

Þessi fyrirtæki hafa öll valið Afak pökkunarlínu með Markem prentlausn frá Samhentum



DV2 B10 - pökkunarlína



markem·imaje

Viðurkenndir prentarar
fyrir fiskiðnaðinn




MI 5800 - vax prentari

Afak Technik BV



LÍMIDÁPENTUN

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR



Svifaldan, verðlaunagripur framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar.

um næstu áramót og er það markmið þess að koma öllum niðurstöðum til atvinnugreina í sjávarútvegi og eldisframleiðslu á Norðurlöndum eins fljótt og vel og mögulegt er.

Umtalsverðar rannsóknir hafa verið gerðar um áhrif ofurkælingar á vinnslu og afurðargæði í sjávarútveg og eldisframleiðslu og eru niðurstöður afgerandi.

Með ofurkælingu er átt við að færa kæliorku inn í fiskvöðvann strax eftir veiðar/slátrun, þar sem innan við 20% af vatnsinnihaldi er fryst. Í botnfiski er miðað við að kæla niður í -0,7 °C og -1,5 °C í laxi, sem er feitari og því er frysti-mark hans lægra. Í báðum tilfellum er um fasaskipti að ræða við þessi hitastig og þarf töluverða orku til að fara niður fyrir þau. Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á ofurkælingu og hefur verið sýnt fram á að engar skemmdir verða á frumum vegna ískristallamyndunar svo framarlega sem kæling er innan skilgreiningar.

Mikil tækifæri geta legið í flutningi á ofurkældum ferskum fiski (lax/bolfiskur) þar sem mikið sparast við að losna við ís í flutningskeðju, sérstaklega með flugi. Um 10% af þyngd á hefðbundnum afurðum við flutning er ís og því bæði fjárhagslegur og umhverfislegur ávinningur með aðferðinni. Lækkun á sósþori við framleiðslu og flutning á fiskafurðum er mikilvægt markaðstæki til framtíðar.

Staða hugmyndar: Rannsóknarverkefni Tengiliðir Gunnar Þórðarson, Matís og Albert Högnason, 3X Technology

QualiCator® THE FOOD QUALITY INDICATOR

Ein af helstu leiðum til að auka arðsemi í íslenskum sjávaríðnaði er betri nýting og meiri virðisauki fyrir afurðina. Aukin gæði í ferskum sjávarafurðum hafa verið leiðandi í þróun upp á síðkastið, en þar má nefna miklar framfarir í kælitækni og almennt meðhöndlun afla. Íslenskur sjávaríðnaður er að taka nýtt skref í meðhöndlun á hráefni, meðal annars með bættri kælitækni og undirkælingu (sub chilling). Þá er fiskurinn kældur niður fyrir -1 °C rétt á eftir slátrun án þess að frysta afurðina. Rannsóknir sem gerðar hafa verið hafa sýnt að fiskur í undirkældu ástandi hefur framúrskarandi gæði og aukinn endingartíma.

Vandamálið er hins vegar að gæði sem skapast með bættri

kælitækni og meðhöndlun skilar sér sjaldan áfram í virðis-keðjunni, þar sem endanlegur neytandi hefur lítinn skilning á gæðabáttum vörunnar. Hugmyndin gengur út á að framleiða hitanæman merkimiða fyrir fiskpakkningar sem segir til um gæði innihalds. Merkimiðinn, sem ber nafnið QualiCator, er með litasellu sem breytir um lit fari hún í meira en +1 °C í 10 mínútur og hefur það hlutverk að hjálpa neytendum að velja hágæðavörur. Hugmyndin er markaðsfræðilegs eðlis og hefur það að markmiði að auka virði íslenskra fiskiafurðra með því að skapa vörumerki og mælitæki sem ýtir undir skynjun á raunverulegum gæðum. Fyrirtækið stefnir að því að hjálpa íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum að auka söluvirði og viðskiptatrygð með því að nota QualiCator sem tryggingu um gæði í hugum neytenda.

Staða hugmyndar: Á frumstigi / einstaklingur Tengiliðir: Viðar Engilbertsson og Kristján Einarsson

Vístvænt íslenskt skip

Hugmyndin byggir á samstarfsverkefni hóps aðila og snýr að því að hanna og smíða 48 metra vistvænt línuskip þar sem öll umhverfisáhrif af starfsemi skipsins eru lágmörkuð. Skipið verður búið rafmótor, rafgeymum sem hlaðast um landtengingu í höfn, aðalvélum sem nýta metanól sem framleitt er á Íslandi. Skipið verður búið fullkomnu orkustýrikerfi sem hámarkar nýtni raforku – bæði frá landtengingu í höfn og frá vélum, eldsneytis, vélbúnaðar, veiði- vinnslu- og kælitækja. Einnig verður um borð umhverfisstjórnunarkerfi sem heldur utan um umhverfisframmistöðu skipsins hvað varðar útblástur frá vélum skipsins og meðferð sorps, skólps og annars úrgangs auk rafrænna skila lögbundinna upplýsinga til þar til bærra yfirvalda.

Metanól er fljótandi eldsneyti og er flutt með hefðbundnum tankbílum að skipshlið og dælt í tanka skipsins. Sértekið búnaður og þjálfun er þó nauðsynlegur við meðhöndlun metanóls sökum eiginleika þess. Metanól hefur þegar verið sannreynt sem eldsneyti á stærri skipum bæði í vöruflutningum og ferjum með góðum árangri. Með þessu verkefni verður sýnt fram á kosti metanóls sem eldsneytis í fiskiskipum og öðrum minni og meðalstórum skipum.

Staða hugmyndar: Rannsóknarverkefni Tengiliðir Sigríður Ragna Sverrisdóttir Hafíð – Öndvegissetur um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins; Samstarfsaðilar: Skipasýn, RENSEA, Klappir ehf., og Viðskiptahúsið

Mat á framúrstefnuhugmyndum – Svifaldan 2016

Framúrstefnulegasta hugmyndin mun hljóta Svifölduna sem er verðlaunagripur, sem er gefin af TM, en jafnframt verður veitt verðlaunafé og viðurkenningar til þeirra sem standa að þremur bestu hugmyndunum að mati dómnefndar. Þeir sem vilja fá frekari upplýsingar um tillögurnar og höfunda er bent á að hafa samband við Valdimar Gunnarsson (netfang: valdimar@sjavarutvegur.is).

Dómnefnd Framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2016:

Guðrún Ólafsdóttir, Ásgeir Ingvi Jónsson, Hjálmar Sigurpórsson, Karl Már Einarsson og Jónas R. Viðarsson

MEÐ GRÆNA SAMVISKU?



Prentun og umbúðir

Lægra kolefnisspor fyrir betri heim

Vandaðar umbúðir eru nauðsynlegar til að koma vörunni ferskri í hendur neytenda. Í nútíma fyrirtækjarekstri eru umhverfismál ofarlega á baugi og því mikilvægt að velja umbúðir sem stuðla að minni sóun og hreinni náttúru. Matvælaumbúðirnar okkar, úr plasti eða pappa, skilja eftir sig mun minna kolefnisspor en vörur frá helstu samkeppnislöndum* og stuðla þar af leiðandi að hreinna umhverfi fyrir okkur öll.



Oddi, karfapokar
- **2030** kg CO₂ ígildi per tonn

Kína, karfapokar
- **3162** kg CO₂ ígildi per tonn

*Skýrsla Eflu verkfræðistofu, okt. 2016

Hvernig getum við aðstoðað þig?
Hafðu samband við viðskiptastjóra
í síma **515 5000** og kynntu þér málið.

www.odd.is



Málstofustjóri:
Alda Gylfadóttir
Framkvæmdastjóri
Einhamar Seafood

Ráðstefnusalur:
Silfurberg

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
10:30 – 12:00

Opnunarmálstofa Sjávarútvegsráðstefnunnar í ár beinir sjónum að tengslum utanríkismála og sjávarútvegs, hvort sem um er að ræða málefni sjávarútvegsins á vettvangi alþjóðastofnana ellegar mikilvægi viðskipta með sjávarafurðir á mörkuðum erlendis. Sjávarútvegur er stór stærð í íslensku efnahagslífi og ein þeirra þriggja atvinnugreina sem skapa hvað mestan gjaldeyri fyrir þjóðina. Miklu skiptir að stjórnvöld gæti þeirra hagsmuna sem eru í húfi á alþjóðavettvangi þegar kemur að sjávarútveginum og vinni að bættu umhverfi fyrir greinina þegar kemur að utanríkisverslun. Hvernig vindar blása í alþjóðamálum getur með beinum og óbeinum hætti haft mikil áhrif á bæði veiðar og sölu fisks. Afstaða og stefna Íslands í utanríkismálum getur haft veruleg áhrif á afkomu atvinnugreinar og þjóðar sem á svo mikið undir á mörkuðum erlendis.



Umsjónarmaður málstofu:
Hrefna Karlsdóttir
Framkvæmdastjóri
Ábyrgar fiskveiðar ses



Guðni Th. Jóhannesson
forseti Íslands

Setning



Stefán Haukur Jóhannesson
Ráðuneytisstjóri
Utanríkisráðuneytið

Utanríkisstefna Íslands í sjávarútvegsmálum

Í þessu yfirlitserindi verður fjallað um áherslur og helstu verkefni utanríkisráðuneytisins á sviði sjávarútvegsmála. Sagt verður frá margbreytilegri aðkomu ráðuneytisins að fyrirsvari Íslands á sviði hafréttar og fiskimála á vettvangi Sp og annarra alþjóðastofnana sem fara með stjórn og vernd auðlinda í hafi, fjallað verður um mikilvægi þess að halda vel á viðskiptahagsmunum Íslands markaðssetningu íslenskra sjávarafurða erlendis og hvernig sjávarútvegur og þróunarmál tvinnast saman. Ljóst er að sjávarútvegur er enn sem fyrr kjölfesta í efnahagslífi þjóðarinnar. Á meðan breytingar á umhverfi hafsins og auðlindum þess eru örari enn nokkru sinni fyrr og sveiflur í viðskiptum miklar, hefur fyrirsvar og hagsmunagæsla á þessu sviði orðið flóknari og meira krefjandi.

Áhrif viðskiptabanns Rússlands á fiskútflutning frá Íslandi

Það hefur verið deilt um tap þjóðarbúsins vegna viðskiptabanns Rússlands á Ísland. Hér verður gerð grein fyrir hvaða fisktegundir hafa farið til Rússlands undanfarin ár, hvert er fjárhagslegt tjón á fyrsta ári og hvert er hægt að selja þennan fisk.

- Áhrif viðskiptabannsins á verðmæti útflutnings.
- Hvaða markaðir taka við vörunni sem áður fór til Rússlands
- Stutt hugleiðing um viðskiptabönn



Teitur Gylfason
Sölustjóri
Iceland Seafood

Brexít

Viðskipti Íslands og Bretlands byggja á grunni EES samningsins. Tveimur árum eftir að Bretland hefur sent uppsagnarbréf sitt telst það ekki lengur vera aðildarríki ESB og falla þá samningsskuldbindingar þess niður. Enn er ekki ljóst hvernig tollskrá Bretlands utan ESB mun líta út en þó svo Bretar velji þann kost að halda áfram að beita ESB tollskrá um sinn þá geta vildarkjör sem Ísland hefur notið, einungis haldið áfram á grundvelli fríverslunarsamnings. Bretar munu þurfa að endurskilgreina skuldbindingar sínar við umheiminn allan og ekki er vitað hvenær röðin kemur að Íslandi. Viljayfirlýsingar um að forðast röskun á viðskiptum duga skammt. Ísland hefur réttmæta kröfu á að halda stöðu sinni en traustan samningsgrundvöll þarf til að þetta sé tryggt. Þetta gildir jafnt um tolla sem reglur um heilbrigðiseftirlit. Bretland utan ESB mun ekki aðeins taka við hlutverki Framkvæmdastjórnar ESB hvað varðar viðskiptasamninga heldur einnig samninga innan NAFO og NEAFC um deilistofna. Að verulegu leyti má gera ráð fyrir að það verði Skotland sem sitji við samningaborðið þegar kemur að skiptingu makríls og kolmunna.



Gunnar Snorri
Gunnarsson
Sendiherra
Utanríkisráðuneytið



Jens Garðar Helgason
Formaður
Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Höfum við séð það svartara?

Erfiðar aðstæður á erlendum mörkuðum eru ekki nýjar af nálinni og íslenskur sjávarútvegur hefur áður þurft að glíma við hindranir í sölu á íslensku sjávarfangi erlendis. Í erindinu mun verða litið yfir farin veg og það umhverfi sem íslensks sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að selja afurðir sínar í skoðað. Einnig verða reifaðar þær áskoranir sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir í sínu ytra umhverfi á komandi árum og um mikilvægt hlutverk stjórnvalda í þeim efnum.



Hjálmar Sigurþórsson
Framkvæmdastjóri
Tryggingarmiðstöðin

Afhending framúrstefnuverðlauna

Kynnt verður niðurstaða dómnefndar um val framúrstefnuhugmynda. Veitt verða verðlaun sem nefnast Svifaldan og eru verðlaunin gefin af Tryggingamiðstöðinni sem er einn af helstu bakhjörllum Sjávarútvegsráðstefnunnar. Framúrstefnuverðlaununum er ætlað að vera hvatning til að efla samstarf og nýsköpun til að styðja við ímynd Íslands og arðsemi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og tengdra grein.

Víst skiptir stærðin máli

einmitt þess vegna eigum við Sæplastker í öllum stærðum



PUR
CONTAINERS

PE
CONTAINERS



65 Sæplast



160 Sæplast



310 Sæplast



380 Sæplast



460 Sæplast



660 Sæplast



1000 Sæplast



HLUTI AF RPC GROUP

bsi.

FM 651230

Quality Management System
– ISO 9001:2015

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími: 460 5000 • www.saeplast.com

© Sæplast er skrásett vörumerki RPC GROUP

RPC

Málstofa A1



Málstofustjóri:
Axel Pétur Ásgeirsson
Sölustjóri
Bakkó

Ráðstefnusalur:
Silfurberg B

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00 – 14:45

Mikið hefur verið rætt og ritað um hvernig efla megi markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum og þar með auka virði einna mikilvægustu útflutningsvöru Íslendinga. Sitt sýnist hverjum hvaða leið er best í því.

Ein sú leið sem talin er vera vænleg til árangurs er að sækja markvisst inn á veitingahúsamarkaðinn á erlendum mörkuðum. Vinna markaðsstarf og þannig efla og auka ímynd íslenskra sjávarafurða sem myndi ýta undir frekari útbreiðslu og eftirspurn frá neytendum. En hvernig skyldi vera best að snúa sér í því?



Umsjónarmaður málstofu:
Sara Lind Þrúðardóttir
Framkvæmdastjóri
kynningarsviðs
Icelandic Group



Gaute Høgh, Founder
and Director CO +

The future of HORECA is branding – the key to success

How do you create a brand when you never touch the consumers? Interesting branding inspiration session from the creator of brands like B&O, Play and Qua the biggest Indian waterbrand.



Björn Jóhannesson
Icelandic fish and chips

Lenging virðiskeðjunnar

Icelandic Fish and Chips er vinsæll veitingastaður í Reykjavík sem hefur verið í rekstri í 10 ár. IF&C hefur það að markmiði að samþætta skyndibita og úrvals hráefni ásamt því að gera íslenska fiskinn að aðgengilegri kosti fyrir neytendur. IF&C hefur stofnað dótturfélag í Bandaríkjunum og mun opna veitingastað í New York.



Hartwig Retzlaff
Framkvæmdastjóri
Deutsche See

Building a strong fish and seafood position in the HORECA market in Germany

- 5 steps to Market leadership
- Image shift of fish
- Consumer expectations
- What is your part in the game



Guðný Káradóttir
Forstöðumaður Íslandsstofu

Markaðsverkefni á söltuðum þorski í Suður-Evrópu – hver er reynslan og hvað hefur áunnist?

Kynningar í kokkaskólum og samstarf við matreiðslumenn og veitingastaði eru mikilvægur þáttur í markaðsverkefni sem kynnir saltaðar þorskafurðir í Suður Evrópu. Sagt verður frá aðferðum og árangri í að byggja upp vitund og skapa íslenskum afurðum gæðasess til framtíðar hjá matreiðslumönnum á Spáni, Portúgal og á Ítalíu. Íslandsstofa leiðir markaðsverkefnið frá árinu 2013 í samstarfi við Íslenska saltfiskframleiðendur og fyrirtæki í framleiðslu og sölu.




Baldvin Jónsson
Framkvæmdastjóri
Main Course

Hvernig getum við nýtt kokka og matarhátíðir til að kynna íslenskan fisk og efla eftirspurn á erlendum mörkuðum?

Farið verður yfir hvaða þýðingu það gæti haft að Ísland móti sýn til framtíðar undir merki hollustu hreinleika og gæða sem sjálfbært Ísland.



*Góður kostur
-á hvers manns disk !*



nordanfiskur

Nordanfiskur er framleiðslu- og sölufyrirtæki sem sérhæfir sig í fullvinnslu á sjávarfangi, jafnt í neytendaumbúðir sem fyrir stórnotendur. Markmiðið er að hámarka verðmæti hráefnisins og framleiða hágæða vöru sem neytendur kunna að meta.

Málstofa B1



Málstofustjóri:
Guðbjörg Heiða
Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri
Marel

Ráðstefnusalur:
Sílfurberg A

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00 – 14:45

Á undanförunum áratugum hefur orðið mikil og jákvæð þróun í sjávarútvegi á Íslandi. Þróunin hefur verið í takt við þörfina hverju sinni. Vandamál sem koma upp við vinnslu eða vegna gæða afurða eru áskoranir fyrir vísindamenn til að finna lausnir og gera enn betur. Þess vegna eru tengslin á milli iðnaðarins og rannsóknaraðila svo gríðarlega mikilvæg. Mikilvægt er að sjómenn, vísindamenn og aðrir aðilar sem koma að sjávarútvegi á Íslandi horfi saman til framtíðar með það að markmiði að vera fremstir í þróun afurða og lausna sjávarútvegsins. Því betri tengsl þeim mun fleiri lausnir. Í þessari málstofu verða sagðar sögur af því hvernig vísindin hafa fleytt þróuninni í sjávarútvegi á Íslandi fram í átt að hagkvæmari vinnslu, bættri nýtingu og auknum gæðum.



Umsjónarmaður málstofu:
Sigrún Mjöll Halldórsdóttir
Sérfræðingur Matís



Sigurjón Arason
Yfirverkfræðingur og
prófessor Háskóli
Íslands/ Matís

Sagan um saltfiskinn

Saltfiskverkun hefur breyst á nokkrum árum úr því að vera tiltölulega einföld saltfiskvinnsla í vinnslu sem krefst mikillar þekkingar til að ná bestum árangri og er þetta hefur náðst í miklu starfi á milli sjávarútvegsfyrirtækja, markaðsaðila, þekkingarfyrirtækja og vísindasamfélagsins. Á síðustu árum hefur orðið til mikil þekking á verkun saltfiskafurða og þessi þekking hefur stuðlað að markvissari ferlastýringu sem hefur leitt af sér betri nýtingu og afurðum með réttari gæðum sem uppfylla betur eftirspurn neytenda. Þessi þekking er síðan notuð til að ná enn lengra við vinnslu og verkun saltfiskafurða til að mæta væntingum saltfisksneytenda á helstu mörkuðum. Ný afurð, sem er framleidd fyrir sömu markaði er léttisöltuð flök og var sú vara þróuð til að mæta eftirspurn yngri kynslóðarinnar um vöru með minna saltinnihaldi. Með meiri og betri þekkingu á verkunarferlunum og stöðugleika afurða er auðveldara að skaffa rétta afurð á markaði og samtímis bæta afkomu greinarinnar.

Ævintýri ferskisk flakanna

Í erindinu er fjallað um þróun útflutnings á ferskum flökum frá Íslandi. Byggt er á viðtölum við Loga Þormóðsson sem var frumkvöðull á þessu sviði frá árinu 1977 og rak hann þá fyrirtækið Tros í Sandgerði. Með áratuga reynslu af ferskiskbransanum hefur Logi áhugaverðar sögur að rifja upp og góða yfirsýn yfir þá þróun sem hefur átt sér stað síðan hann hóf ævintýrið.

Útflutningsverðmæti ferskra flaka hefur aukist mjög mikið á síðustu árum. Fyrir tíu árum var talið að geymsluþol ferskra flaka væri sjö dagar en með nýrri þekkingu, þróun á vinnsluferlum, betri þökkunartækni og meiri vöruvöndun hefur geymsluþolið aukist mikið og auðveldara að tryggja réttu gæði fersk fisks til neytenda. Þess vegna er hægt að framleiða miklu meira af ferskum flökum. Betri meðferð á fiski á öllum stigum virðis_keðjunnar hefur breytt miklu. Þessum árangri má að mikluleiti þakka miklu og góðu samstarfi sjávarútvegs-, markaðs- og tæknifyrirtækja og nánú samstarfi við þekkingar- og vísindasamfélagið.



Sæmundur Elíasson
Doktorsnemi við
Háskóla Íslands og
sérfræðingur hjá Matís

BIOMASS DAILY

Nákvæmar tölur tryggja betri árangur



Er fiskurinn eins stór og þú heldur?

Biomass Daily er stærðarmælibúnaður sem gefur réttar upplýsingar um meðalþyngd og stærðardreifingu fisks í eldiskvíum.



1986–2016
30  **VAKI**

www.vaki.is



Magnea Karlsdóttir
Sérfræðingur
Matis

Makrill, óvæntur gestur á Íslandsmiðum

Veiðar á makrill í umtalsverðu magni við Íslandsstrendur hófust fyrir tæpum tíu árum. Makrillinn gengur inn í íslenska lögsögu í fæðisleit, en yfir sumarið safnar hann sér upp forða fyrir vetursetuna. Þessi mikla fitusöfnun veldur því að fiskholdið verður mjög laust í sér. Fyrstu árin fór stærsti hluti aflans í fiskmjöls- og lýsisvinnslu en aðeins lítill hluti hans fór til manneldis. Til að auka verðmæti aflans þarf að nýta stærri hluta hans til manneldis og til að svo geti orðið er mikilvægt að finna leiðir til að bæta geymslupól makrills um borð í veiðiskipum. Þróun vinnslubúnaðar til að geta unnið þennan viðkvæma fisk í frýstar vörur og finna markaði fyrir þessar vörur var mikil áskorun og tókst ótrúlega vel til. Þessum árangri má að mikluleiti þakka miklu og góðu samstarfi sjávarútvegs-, markaðs- og tæknifyrirtækja og nánú samstarfi við þekkingar- og vísindasamfélagið.



Bergur Guðmundsson
Söluráðgjafi
Marel

Tækniþróun byggð á vísindum

Íslenskur sjávarútvegur hefur gengið í gegnum miklar breytingar á undanförunum áratugum og gríðarlegar tækniframfarir hafa orðið sem hafa gert iðnaðinn hagkvæmari og aukið vörugæði og ekki síst gæði starfanna í greininni. Þessar tækniframfarir hafa orðið til með miklu og nánú samstarfi iðnaðarins við vísinda- og þekkingarsamfélagið og þeirra fjölmörgu tæknifyrirtækja sem framleiða búnað fyrir sjávarútveg sem sum hver eru sprottin beint upp úr jarðvegi þessa samstarfs. Farið verður yfir hvernig vísindin hafa leitt af sér þróun í vinnslutækni

RÁÐSTEFNUR / VIÐBURÐIR / HVATAFERÐIR

VIÐ GERUM ATVINNULÍFIÐ VIÐBURÐARÍKARA

CP REYKJAVÍK er frísklegt og skapandi þjónustufyrirtæki sem skipuleggur viðburði, ferðir og ráðstefnur fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini.

Sérgrein okkar er ráðgjöf, utnumhald og framkvæmd funda, ráðstefna og heimsþinga, viðburða, partía, hópeflis og starfsdaga. Einnig bjóðum við upp á sérferðir á borð við hvataferðir og lúxusferðir fyrir hópa af öllum stærðum.

Enginn viðburður er of stór eða lítill - við höfum bæði þekkinguna og reynsluna.

cp

REYKJAVÍK

Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - 510 3900 - www.cpreykjavik.is

FERSKLEIKI ALLA LEIÐ



Prentun og umbúðir

Umbúðalausnir fyrir sjávarútveg

Hágæða vörur eins og íslenskar sjávarafurðir þurfa vandaðar umbúðir til að viðhalda ferskleika á leiðarenda. Hjá Odda bjóðum við allar stærðir og gerðir umbúða fyrir sjávarútveg, bæði úr pappa og plasti.



Tröllakassi



Bylgjukassar



Icelandic umbúðir



Öskjur



Plastpokar



Vacuumpokar



Límbönd

Hvernig getum við aðstoðað þig?
Hafðu samband við viðskiptastjóra
í síma **515 5000** og kynntu þér málið.

www.odd.is



Málstofustjóri:
Þorsteinn Sigurðsson
Sviðsstjóri
Hafrannsóknastofnun

Málstofa C1

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00 – 14:45

Það að geta gengið að fiski á ákveðnum svæðum og tíma dregur mikið úr kostnaði við veiðarnar. Gefið verður yfirlit yfir þá fiskleitartækni sem notuð er í dag til að finna fisk í nágrenni við skipið – Hvað tækifæri eru til að bæta þessa tækni? Það sem skiptir e.t.v. mestu máli með það að markmiði að draga úr kostnað og hjálpi skipstjórnarmönnum að leiða líkur á hvar fisk er helst að finna er að geta siglt beint úr höfn á gjöfulestu fiskimiðin. Farið verður yfir nýjar hugmyndir sem ennþá eru í þróun til að spá fyrir um hvar fiskinn er að finna.



Umsjónarmaður málstofu:
Alda Gylfadóttir
Framkvæmdastjóri
Einhamar Seafood



Steingrímur Gunnarsson
Vörustjóri Trackwell

Hvernig er hægt að nýta skráningar frá Afladagbókum við skipulag veiða?

Frá árinu 2011 hafa öll íslensk fiskiskip með kvóta, skráð í rafrænar afladagbækur. Auk afla og staðsetninga eru skráðir þættir eins og sjávarhiti, dýpi og ítarlegar upplýsingar um veiðarfæri. Í hluta flotans eru einnig skráðar vinnslu-, stærðar- og gæðaupplýsingar. Sýnd verða dæmi um hvernig hægt er að vinna úr og birta þessar upplýsingar þannig að þær nýtist við upplýsta ákvörðun um framhald veiða.



Haraldur Arnar Einarsson
Fiskifræðingur
Hafrannsóknastofnun

Hvað er í pokaum? – Þekking skipstjórans á aflanum áður en hift er

Það er vel þekkt að tækniframfarir við togveiðar hafa verið umtalsverðar á undanförunum áratugum. Farið verður yfir helstu tæki sem nýtast við togveiðar og þau tæki sem notuð eru á veiðarfærum, hvaða upplýsingar þær gefa og hvernig þær gagnast skipstjórnunum, hverjar takmarkanir eru á nútímataekni og hvar upplýsingaöflun er lítil, léleg eða engin. Hugmyndir um framtíðar tækni og tæknilega afmarkanir og hvers vegna stefna ætti að viðkomandi tækni.

Uppsýðarveiðar – Notkun nýjustu tækni við uppsýðarveiðar- samstarf við hafrannsóknir

Ætla að byrja á að fara yfir helstu tæki til leitar á uppsýðarfiski og hvernig ég sé framtíðina fyrir mér.

Síðan langar mig aðeins að ræða um samstarf veiðiskipa og vísindamanna við mat á stofnstærð uppsýðarstofna.



Geir Zoega
Skipstjóri á Polar Amaroq

Framúrstefnuhugmynd: Marsýn, upplýsingakerfi fyrir sæfarendur

Á Íslandi er mikil áhersla lögð á að skrá og lýsa veðri og eru alls 262 veðurstöðvar á landinu. Að sama skapi er ekki eins auðvelt að fá upplýsingar um ástand sjávar. Í dag er hægt að fá aðgang að upplýsingum um yfirborð sjávar frá gervitunglum og mælum á skipum, en erfiðara er að fá upplýsingar um hvað er að gerast á meira dýpi. Slík þekking er þó ákaflega verðmæt og getur hún auðveldað sæfarendum ferðir og vinnu á sjó sem og leit að fiskitorfum. Til að svara þessari þörf hefur Marsýn þróað upplýsingakerfi sem byggir á þrívíddar haflíkani sem nýtir gögn frá gervitunglum, baujum, skipum, síritum og öðrum sjólíkönum. Líkanið sem heitir CODE, lýsir straumum, hitastigi, seltu, öldum, lagskiptingu og staðsetningu hitaskila á öllum dýpum allt í kringum landið með óvenjulega hári nákvæmni. Sjá spár á www.marsyn.is/sjospa.

Predicting herring distributions during winter

Icelandic summer spawning herring often change their winter distribution, but predicting when this will happen and where the new wintering areas will be has until now proved difficult. This has resulted in high costs to the fishery in terms of searching time, and hampered effective spatial management of the stock. To address these issues, we developed a spatio-temporal model for wintering herring. Validation tests suggest that occurrence patterns can be predicted with high accuracy, one year ahead.



Jed Macdonald Doktorsnemi
Háskóli Íslands

HÁPRÓUÐ, SKILVIRK OG GLÆSILEG

FISKVINNSLUTÆKI



ROÐFLÉTTIVÉL

[C-2031]

Lengd: 2.73m
Breidd: 2.40m
Hæð: 1.90m

**NY
HÖNNUN**



FLÖKUNARVÉL

[C-2011]

Lengd: 4.060m
Breidd: 1.880m
Hæð: 2.25 - 2.35m



HAUSARI

[C-3027]

Lengd: 2.9m
Breidd: 1.9m
Hæð: 2.23 - 2.33m



BRÝNINGAVÉL

[C-2015]

Lengd: 90cm
Breidd: 74cm
Hæð: 80cm
Þyngd: 100 kg

Hjá Curio kraumar ástríða fyrir handverki, tækni og óheftri hugmyndaauðgi. Við leiðum saman alúðina sem felst í handsmíðuðum vélarhlutum, tækninýjungar og íslenskt hugvit og setjum saman öflug fiskvinnslutæki með sterkan karakter og mikla vinnslugetu.

Við erum stolt af vélunum okkar. Þær bera þess merki og við sýnum það í verki með góðri þjónustu þar sem allir slithlutir eru til á lager þegar þörfin kallar.

Vélarnar frá Curio eru vinnuþjarkar sem sjá um hausningu, flökun, roðflettingu og brýningu og að sjálfsögðu er hægt að stilla vélarnar þannig að þær passi fyrir ólíkar fisktegundir. Einn viðskiptavinur getur verið að vinna ýsu, sá næsti er að vinna keilu og steinbít.

Curio aðlagar hverja vél að þeirri tegund sem viðskiptavinur óskar eftir og þörfum.

Hafðu samband við sölumenn eða kíktu á heimasíðu okkar, við svörum öllum spurningum fljótt og vel og með mikilli ánægju.



www.curio.is

Málstofa A2



Málstofustjóri:
Ína Björg Össurardóttir
Gæðastjóri Icelandic
Nýfiskur

Ráðstefnusalur:
Sílfurberg B

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
15:15 – 17:00

Gerð verður grein fyrir af hverju kaupendur krefjast í vaxandi mæli vottunar um uppruna fiskstofna. Farið verður yfir hvaða vottun er í boði og lagt mat á hver þróunin mun vera á næstu árum og áratugum. Hvaða áhrif mun Global Sustainable Seafood Initiative (GSSI) hafa á komandi árum. Umræða á milli MSC og IRF um hve langt er hægt að ganga í að votta íslenska fiskstofna. Horft verður til vottunar íslenskra stofna og rætt um hvað sé skynsamlegast fyrir sjávarútveginn að standa að þessum málum.



Umsjónarmaður málstofu:
Sara Lind Þrúðardóttir
Framkvæmdarstjóri
kynningarsviðs
Icelandic Group



Hlynur Guðjónsson,
Aðalræðismaður
og viðskiptafulltrúi,
Aðalræðisskrifstofa
Íslands í New York

Rauða spjaldið!

Hvaða máli skiptir það að íslenskar sjávarafurðir séu ekki á válistum umhverfissamtaka og opinberra aðila? Hvaða máli skipta samskipti við hagsmunaaðila á markaðnum og flæði upplýsinga? Felast tækifæri í auknum samskiptum við markaðinn og geta þau aukið virði vörunnar?



Valgerður Ásta
Guðmundsdóttir
Ráðgjafi
Rannsóknarþjónustan
SÝNI

Vottun, vesen eða verðmæti?

Ávinningurinn af vottuðu gæðakerfi er bæði markaðslegur og rekstrarlegur. Krafa um vottun samkvæmt rekjanleika- og matvælaöryggisstöðlum hefur aukist mikið og má segja að vottun sé orðin mikilvæg forsenda þess að ná árangri á markaði. Reksturinn verður markvissari og skilverkari þegar unnið er eftir góðu gæðakerfi og vottunin sjálf veitir nauðsynlegt aðhald.



Kristján Þórarinnsson
Stofnvistfræðingur
Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Vottun sjálfbærra veiða: Bakgrunnur og þróun

Vottun fiskveiða á að byggja á alþjóðlegum kröfum um vandaða fiskveiðistjórnun sem miðar að vernd og sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Vottun kemur því í kjölfar vinnu að sjálfbærri nýtingu og á að vera hugsuð sem staðfesting og kynning á árangri.

Í erindinu verður fjallað um grundavallaratriði vottunar fiskveiða og tæpt á forsögu og þróun og hugmyndum um nýbreytni. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að standa fyrir máli sínu og hafa hlutina í lagi heima fyrir. Afar mikilvægt er fyrir íslenskan sjávarútveg að vel sé staðið að vottun fiskveiða vegna mikilvægis á erlendum mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Þess verður að gæta að byggt sé á faglegum forsendum, alþjóðasjónarmiðum og langtímasýn varðandi fiskveiðistjórnun og sjálfbærni og að skammtímasjónarmið og dægurmál raski ekki forgangsroðun við rannsóknir og aðgerðir.



Þorsteinn Magnússon,
Framkvæmdastjóri
Icelandic Nýfiskur

Vottun og áhrif á sölu íslenskra sjávarafurða: Hver er upplifun framleiðenda?

Skammstafanir gæðastjórnunarkerfa og vottana eru margar innan matvælageirans og í fyrstu ómögulegar að muna heitin á. Krafan kom fyrir mörgum árum frá okkar aðal kaupanda að innleiða vottað gæðakerfi. Fyrst réðum við ráðgjafa og síðar matvælafræðing sem gæðastjóra sem hafði áhuga og gaf sér tíma í að vinna að sífelldum uppfærslum og úrbótum, sem okkur hefur smátt og smátt tekist að gera að eðlilegum starfsháttum og nýta okkur verkfærin sem þessi kerfi bjóða.



Kristinn Hjálmarsson
Verkefnisstjóri
Iceland Sustainable
Fisheries (ISF)

Fiskurinn frá Íslandi er sjálfbær

Er það nokkuð óraunhæft að innan örfárra ára, getum við með stolti staðfest með alþjóðlega viðurkenndum sjálfbærniskírteinum, að fiskur frá Íslandi sé ávallt sjálfbær? Í erindinu er leitað svara við því og hve mikið standi útaf, til þess að við getum lagt að jöfnu íslenskan fisk og sjálfbærni. Einnig skoðuð þessi áhersla á sjálfbærni og spurt hvort sjálfbærni sé suðorð sem muni hverfa í söguna eins og vasadiskó eða VHS tæki.

Þátttakendur í panelborði



Gísli Gíslason
Framkvæmdastóri
MSC á Íslandi



Hrefna Karlsdóttir
Framkvæmdarstjóri
Iceland Responsible Fisheries (IRF)



Kerin keppast við að búa til verðmæti

Þó svo Sæplastskerin standi grafkyrr og góð, eru þau engu að síður í fullri vinnu daga og nætur við að hámarka verðmæti sjávarfangs



Málstofa B2



Málstofustjóri:
Margrét Geirsdóttir
Sérfræðingur
Mátis

Ráðstefnusalur:
Silfurberg A

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
15:15 – 17:00

Hugmyndafræðin á bak við lífhagkerfið verður kynnt og hvernig það endurspeglast í sjávarútvegi á Íslandi. Hugtakið lífhagkerfi hefur verið notað yfir allar lífauðlindir, samspil þeirra og áhrif á efnahagslega, umhverfislega og félagslega þætti. Markmið með rannsóknum á sviði lífhagkerfisins hefur m.a. verið að hámarka ávinning auðlinda án þess að ganga á þær s.s. með því að fullnýta aukahræfni sem áður var hent í verðmætar afurðir. Meðhöndlun á aukahræfni er gríðarlega mikilvæg í þessu samhengi. Það er ekki hægt að framleiða hágæða vöru úr ónýtu hræfni. Nýlega hafa mörg íslensk frumkvöðlafyrirtæki sprett upp sem sérhæfa sig í að fullnýta hliðarafurðir sjávarútvegsins í verðmætar afurðir s.s. matvæli, fæðubótarefni, snyrtivörur, lækningavörur og fatnaði. Nokkur þeirra munu hér segja okkur frá því í hvers konar vörur þau eru að fullnýta aukahræfni og hversu mikilvæg meðhöndlunin á hræfninu er.



Umsjónarmaður málstofu:
Sigrún Mjöll Halldórsdóttir
Sérfræðingur
Mátis



Sveinn Margeirsson
Forstjóri
Mátis

Leiðin til framtíðarvaxtar liggur um lífhagkerfið

Lífhagkerfið (e. Bioeconomy) er hugtak sem mótað hefur umræðu um verðmætasköpun á alþjóðlega vísu sl. ár. Lífhagkerfið felur í sér sjálfbæra nýtingu lífauðlinda, s.s. fiskistofna og annarra sjávarauðlinda og er talið að það muni leysa af hólmi nútíma hagkerfi olíu og annarra óendurnýjanlegra auðlinda. Sóknarfæri íslensks sjávarútvegs liggja m.a. í heildstæðri sýn á lífhagkerfið og forystu í málefnum hafsins og er því ánægjuefni að með nýlegri samþykkt lífhagkerfisstefnu, skipa Íslendingar sér í fremstu röð þjóða í þessum efnum



Einar Þór Lárusson
Vörubróun
Ora, Lýsi og Akraborg

Meðhöndlun á aukahræfni

Farið verður yfir ferlið frá veiðum til vinnslu, hverju ber að gæta að til að aukaafurðirnar verði seljanlegar sem fyrsta flokks afurðir og áreiðanleika um gæði sem uppfylla óskir neytanda. Áður fyrr var ekkert gert til þess að passa uppá gæði aukahræfnisins þar sem að ekki var búist við því að hægt væri að nýta það í neitt. Slóg, beingarðar og annar efniviður lenti allur í sömu ruslatunnunni, engin kæling, engin flokkun eða vandvirkni við meðhöndlun. Þetta leiddi óhjákvæmilega til þess að hræfnið fór fljótlega að skemmast, lykta illa og missa spennandi eiginleika sem gætu notið sín í alls kyns spennandi afurðum eins og afurðum sem hafa lífvirkni þ.e. lífeðlisfræðileg jákvæð áhrif á líkamann umfram hefðbundið næringargildi. Það er því til mikils að vinna ef staðið er rétt að meðhöndlun á þessu hræfni sbr. síðari umfjöllun frumkvöðlafyrirtækjanna hér á eftir.

Örfyrirlestrar

IceProtein®, hágæða þorskprótín úr afskurði

Í erindinu mun Hólmfríður fjalla um sögu IceProtein® afurðarinnar frá því að hún var hugmynd í huga starfsmanna Iceproteins sem leituðu leiða til að auka nýtingu á þorski til manneldis þar til IceProtein® afurðin var orðin að hágæða vöru í hillu matvöruverslana og apóteka. Hólmfríður mun leitast við að útskýra út frá sinni reynslu hvað þarf til svo að saga eins og þessi geti orðið að veruleika



Hólmfríður Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Iceprotein



Bjarki Stefánsson
Sérfræðingur í rannsóknum
og þróun Zymetech

Lækningavörur úr hliðarafurðum þorsks

Zymetech er líftæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í rannsóknum og þróun á lækningavörum og snyrtivörum sem innihalda próteinkljúfandi ensím úr þorski. Ensímin eru hreinsuð úr van-
nýttri hliðarafurð þorsks. Hugmyndin að notkun ensímanna og núverandi nýting þeirra byggir
á áratuga uppbyggingu þekkingar hjá Zymetech í samvinnu við Háskóla Íslands og alþjóðleg
lyfjafyrirtæki. Í dag eru fjölmargar vörur sem þróaðar hafa verið hjá Zymetech á innlendum og
erlendum markaði.



Hrönn M. Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri
Ankra

Markaðssetning og branding aukaafurða (framúrstefnuhugmynd)

Stiklað á stóru hvernig vörumerkið Feel Iceland var byggt upp en þar var haft að leiðarljósi sam-
félagsleg ábyrgð og frábær gæði, en helstu hráefni varanna sem samanstanda af fæðubótaefnum
og húðvörum eru aukaafurðir íslensks fisks.



Hélène Liette Lauzon
Rannsókn- og
vöruþróunarstjóri
Primex

Kítósan – Fjölhæft trefjaefni úr rækjuskel

Primex ehf framleiðir hágæða kítósan úr rækjuskel undir vörumerkinu ChitoClear®. Kítín,
sem verður að kítósani, er náttúruleg fjölsykra í skel skeldýra, ekki ólík sellulósa, og telst því
vera náttúrulegt trefjaefni. Þróun ýmissa afurða úr kítósani á erlendum mörkuðum hefur
sannað notagildi þess. Ólíkt öðrum trefjaefnum þá er kítósan jákvætt hlaðið sem gefur því hina
sértæku lífvirku eiginleika sem nýtast á margvíslegan hátt, t.d. í fæðubótarefni, lækningatæki,
lyfja- og snyrtivörur



Davíð Tómas Davíðsson
Rannsókn- og þróunarstjóri
Codland

Fullvinnsla á Reykjanesi

Við fiskþurrkun Haustaks á Reykjanesi er að byggjast upp starfsemi þar sem nær allar hliðar-
afurðir bolfiskvinnslu eru meðhöndlaðar á einum stað. Með breyttu verklagi og bættum aðbún-
aði hefur verið hægt að vinna mjöl og olú úr slógi sem kemur úr línubátum. Einnig er unnið
þar lifrálýsi úr þorski auk þurrkunar á hausum og hryggjum. Brátt verður reist á svæðinu verk-
smiðja sem mun einangra og hreinsa kollagen peptíð úr fiskiroði



Grímur Þór Gíslason,
Framleiðslustjóri
Grímur kokkur

Auðgun á tilbúnum fiskréttum og grænmetisréttum með Omega-3

Tveir nýir réttir undir vörumerki Heilsuréttir fjölskyldunnar, Fiskibollur með viðbættu Omega-
3 og Grænmetispottur með viðbættu Omega-3, komu á markað sl. sumar, en rannsóknir
benda til þess að neysla á Omega-3 stuðli að jákvæðum áhrifum á sjón, heila- og hjartastarfsemi.
Grímur kokkur mun lýsa rannsóknarferlinu og vöruþróuninni á þessum vörur. Kynntar verða
niðurstöður úr blóðrannsóknum í tengslum við verkefnið.



Snorri Hreggviðsson
Framkvæmdastjóri
Margildi

Margildi – Ný uppspretta Omega-3 (framúrstefnuhugmynd)

Fjallað er um þróun viðskiptahugmynda og framleiðsluvara Margildis allt frá hráefni til afurða.
Starfsmenn Margildis hafa haft að leiðarljósi að bæta hagnýtingu hrálýsis úr íslenskum upp-
sjávarfisktegundum með því að fullvinna þær til manneldis. Þannig eru nýting og verðmæti
hráefnisins aukin til muna í tvennum skilningi, annars vegar með því að forðast næringartap
sem fólgið eru í því að hrálýsið fari hefðbundna leið til framleiðslu dýrafóðurs og hins vegar að
auka verðmætasköpun með fullvinnslu lýsisins til manneldis

Málstofa C2



Málstofustjóri:
Jónas Viðarsson
Faglegur leiðtogi
Matis

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
15:15 – 17:00

Miklar framfarir standa nú fyrir dyrum hvað varðar bætta orkunýtingu íslenska fiskiskipastólsins. Ný skip sem eru hönnuð frá grunni til að nýta orkuna sem best eru í smíðum, ásamt því sem þróun í tækni, hugbúnaði, hönnun, efnisvali, veiðarfærum og orkugjöfum tekur nú mun meira mið en áður af því hvernig mögulegt er að spara orku og draga úr útblæstri.

Með fullgildingu Parísarsamkomulagsins hafa íslensk stjórnvöld samþykkt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% til ársins 2030 og sem mikilvægur liður í að ná því markmiði mun útgerðin þurfa að leggja sitt af mörkum. Bætt orkunýting hefur einnig umtalsverð hagræn áhrif innan sjávarútvegsins, þar sem olíukostnaður er nú næststærsti útgjaldaliður útgerða, auk þess sem sótspor og það að geta sýnt fram á að veiðar og vinnsla séu stundaðar á umhverfislega ábyrgan hátt er ávalt að verða mikilvægara við markaðssetningu á sjávarfangi.

Í Málstofunni verður fjallað um þá þróun sem átt hefur sér stað að undanförunu sem stuðlað getur að orkusparnaði við veiðar og siglingar.



Umsjónarmaður málstofu:
Alda Gylfadóttir
Framkvæmdastjóri
Einhamar Seafood

Yfirlitserindi um orkusparnað

Samherji og tengd fyrirtæki hafa á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að bæta orkunýtingu við veiðar sinna skipa. Miklu hefur verið tilkostað til að draga úr olíunotkun eldri skipa og ný skip sem smíðuð hafa verið fyrir fyrirtækið hafa verið hönnuð frá grunni til að nýta orkuna sem best. Í yfirlitserindi verður fjallað um þá þróun sem er að eiga sér stað varðandi bætta orkunýtingu innan íslenska fiskiskipaflotans, auk þess að fjalla um nýsmíðar hjá Samherja.



Kristján Vilhelmsson
Framkvæmdastjóri
útgerðarsviðs
Samherji

Tvinnskip og græn tækni

Þróun rafgeyma er ör og það er raunhæfur kostur að minnka olíunotkun flestra skipa með því að nýta kosti þeirra. Notkun rafgeyma gefur kost á að jafna og minnka álag vélanna og þar með olíunotkunina. Dagróðrabátar geta hlaðið rafgeymana í inniveru með ódýrri og grænni orku og minnkað olíunotkun umtalsvert. Á flestum öðrum sviðum skipa- og tækjahönnunar hefur grænni tækni fleygt fram.



Hjörtur Emilsson
Framkvæmdastjóri NAVIS

Stórar skráfur og orkusparnaður

Skipasýn hefur um árabíl lagt áherslu á það í sinni hönnun að stækka þvermál skráfunnar til að auka nýtni. Útreikningar sýna fram á það að hægð skráfa með mikið þvermál hafi mun betri nýtni en hraðgeng skráfa með lítið þvermál. Tveir 50,7 m ferskfisktogarar með 4,7 m skráfu í þvermál verða afhentir 2017, útreikningar sýna fram á 45% meiri togspyrnu í samanburði við eldri skipin sem leiðir til tilsvaramis orkusparnaðar.



Rakel Sævarsdóttir
Markaðsstjóri
Skipasýn

Hönnun veiðafæra og orkusparnaður

Hönnun togveiðarfæra hefur mikil áhrif á orkunýtingu fiskiskipa og því hafa veiðarfærahönnuðir lagt mikla áherslu að lágmarka viðnám og þyngd við hönnun og efnisval veiðarfæra.



Haraldur Árnason
Markaðs- og sölustjóri
Hampiðjan

VIÐ ÓSKUM LOÐNUVINNSLUNNI Á FÁSKRÚÐSFIRÐI TIL HAMINGJU MEÐ NÝJA HÁTÆKNIVINNSLU



„Við sjáum fram á að auka framleiðsluna á dag úr um 23t upp í rúm 40t með þessari fjárfestingu án þess að bæta við starfsfólki“

Fríðrik Mar Guðmundsson,
framkv.stjóri Loðnuvinnslunnar

Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði setti á dögunum í gang nýtt heildarkerfi fyrir bolfiskvinnslu frá Völku. Á meðal búnaðar er tvöföld vatnsskurðarvél, sjálfvirk afurðaflokkun og pökkun í kassa. Línán er sú afkastamesta sem Valka hefur afhent og setur Loðnuvinnsluna í allra fremstu röð hvað varðar afköst og sveigjanleika.



Laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni

Staða – Framtíðarsýn – Stefna

Málstofa A3



Málstofustjóri:
Hermann Kristjánsson
CEO
Vaki Fiskeldiskerfi

Ráðstefnusalur:
Silfurberg B

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
09:30 – 11:20

Laxeldi er í hraðri uppbyggingu á Íslandi en skiptar skoðanir eru um samkeppnishæfni á alþjóðlegum mörkum. Getum við aukið samkeppnishæfni laxeldis á Íslandi, hverjir eru veikleikar og styrkleikar og hvaða leiðir er þá best að fara?



Umsjónarmaður málstofu:
Sverrir Guðmundsson
Ráðgjafi
SG Consulting



Höskuldur Steinarsson
Framkvæmdastjóri
Landssamband
fiskeldisstöðva

Staða fiskeldis á Íslandi og áskoranir

Tölulegar upplýsingar um fiskeldi á Íslandi. Hver er reynslan fram að þessu? Hver er þekking og reynsla fiskeldismanna? Hver er staða stoðgreina innan fiskeldisgeirans og hvað vantar til að tryggja farsæla þróun?



Peder Strand
Investment banking
Arctic Securities

Salmon farming – Food production's ugly duckling?

Salmon farming history. What has changed in the market that the prices now and in the foreseeable future is so good?

Why is Iceland particularly interesting?

What can farming mean to Iceland in the long term?

Salmon farming: littering of fjords or perfect sustainable protein production?



Heather Jones
CEO
Scottish Aquaculture
Innovation Centre

Innovation as a driver of growth in the Scottish fish farming industry

This talk will describe the purpose, mission and actions taken by the Scottish Aquaculture Innovation Centre to stimulate and support investment in innovative research and development, and support the growth and success of fish farming and shellfish farming in Scotland.



Gunnar Davíðsson
Deildarstjóri
Troms fylkeskommune

Hvað má læra af Norðmönnum, og hvað alls ekki, í þróun íslenska eldisins

Norðmenn hafa stundað laxeldi lengi. Þeir hafa þróað þessa starfsgrein frá lækjarsprænum á bak við hús yfir í stóriðnað með þúsundum starfa meðfram ströndum landsins. Þeir hafa þróað eldið líffræðilega og tæknilega og selja nú laxamáltíðir svo skiptir miljörðum. Samtímis hafa þeir þróað stjórnsýslu og reglugerðir, og eins og gengur gert mistök og sumt betur en annað. Hvað geta Íslendingar lært af því sem Norðmenn hafa gert og hvaða mistök ber okkur að varast?



Ragnar Joensen
Group Manager Technology
Marine Harvest

Large Smolts in Salmon Farming

These past years, salmon farmers have been severely challenged with sealice in open sea farming systems. To shorten the period fish are held in open systems, farmers desire to stock larger smolts. Particularly farmers in Faroe Islands are increasing the smolts size, but also in Norway and other countries the smolts size is increasing. How are these larger fish produced, results so far and what is the trend going forward?



Málstofa B3



Málstofustjóri:
Haukur Ómarsson
Forstöðumaður
Landsbankinn

Ráðstefnusalur:
Silfurberg A

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
09:30 – 11:20

Árið 2014 hófst mikil lækkun olíuverðs sem virðist hafa náð lágmarki í lok síðasta árs. Árin þar á undan var olíuverð tiltölulega stöðugt. Hvaða áhrif hefur þessi lækkun heimsmarkaðsverðs olíu á sjávarútveginn á Íslandi? Eru áhrifin jákvæð af því olían lækkar og hrávara lækkar eða vegur lokun markaða fyrir fisk í olíuútflutningslöndum og/eða lækkað afurðaverð þangað herra?



Umsjónarmaður málstofu:
Björn Brimar Hákonarson
Framleiðslustjóri
Ísfélag Vestmanneyja



Hallveig Ólafsdóttir
Hagfræðingur
Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Olíuverð – þróun og áhrifapættir

Áhrifapættir og afleiðingar vegna breytingar á olíuverði. Þróun í íslenskum sjávarútvegi. Þróun á heimsvísu. Opinbergjaldtaka á olíuverði.



Örvar Guðni Arnarson
Fjármálastjóri
Ísfélag Vestmanneyja

Svarta sullið og aðrir pyttir

Sveiflur í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja eru umtalsverðar. Sumar eru óhjákvæmilegar vegna náttúrulögmála og markaða en aðrar eru það ekki.



Árni Bjarnason
Sölustjóri
Íslenska Umboðssalan

Áhrif olíuverðs á skreiðarmörkuðum

Farið yfir áhrif olíuverðslækkana á helsta markaði okkar Íslendinga á skreið sem er Nígíría. Ef skoðuð eru tvö tólf mánaða tímabil má sjá að útflutningsverðmæti þurrkaðra vara til Nígíríu hefur lækkað um 40–45%, og framleiðsla hefur dregist verulaga sama og nokkrir aðilar hafa hætt framleiðslu. Farið yfir breytingar á gengi gjaldmiðils Nígíríu (Naira) samhliða breytingum á olíuverði, en gengi Nairunnar hefur breyst úr því að vera Naira 197 á móti USD í Júní 2015 í það að vera Naira 480 á móti USD í dag án þess að til komi nokkrar hækkanir á launum, sem þýðir aftur á móti mun minni kaupmátt.

Áhrif olíuverðs á markaði fyrir uppsjávarfisk

Fjallað verður um þróun olíuverðs og áhrif þess á markaði fyrir uppsjávarfisk. Hvert er samspil gengis gjaldmiðla olíuframleiðsluríkja og olíuverðs. Hvaða áhrif hafa gengisbreytingar og sveiflur í efnahagsástandi okkar helstu viðskiptaþjóða á kaupgetu þeirra og spurn eftir uppsjávarfiski.



Hermann Stefánsson,
Framkvæmdastjóri
Iceland Pelagic

ROTEX™
ÍS LAUS
FLUTNINGUR



UNDIRKÆLING



Samanburður á beinhreinsuðum flökum.

- Fækkar sótspor
- Ekkert los
- Hægir á dauðastirðnun
- Fersk undirkæld og íslaus vara minnkar flutningsþyngd og lækkar kostnað
- Aukinn geymslutími á ferskri afurð
- Fleiri og hagkvæmari flutningsmöguleikar
- Bætir afhendingaröryggi



www.skaginn3x.is

Skaginn og 3X Technology eru leiðandi í hönnun og framleiðslu á hátækniþúnaði fyrir matvælaframleiðslu.



Málstofustjóri:
Sigurgeir Þorgeirsson
Ráðgjafi
Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytið



Þorsteinn Sigurðsson
Sviðsstjóri
Hafrannsóknastofnun



Grétar Þorgeirsson
Skipstjóri á Svan KE-77



Guðlaugur Jónsson
Skipstjóri á Venus NS-150



Örn Pálsson,
Framkvæmdastjóri
Landssamband
smábátæigenda



Dr. Kristján Þórarinnsson
Stofnvistfræðingur
Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Málstofa C3

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
09:30 – 11:20

Á stundum virðist sem himinn og haf sé á milli ráðgjafar Hafrannsóknarstofnunar og skoðana skipstjóra þegar kemur að hinni klassísku spurningu um hversu mikill fiskur er í sjónum. En er það alltaf svo þegar betur er að gáð? Hvernig hefur samstarfi vísindamanna Hafrannsóknastofnunar og útgerðarinnar verið háttað? Hvernig nýtist þekking og reynsla skipstjóra inn í vinnu vísindamanna Hafró, finnst skipstjórum þekking sín skila sér í þessa vinnu og hvað finnst þeim að mætti betur fara.



Umsjónarmaður málstofu:
Hrefna Karlsdóttir
Framkvæmdarstjóri
Ábyrgar fiskveiðar ses

Samstarf Hafrannsóknastofnunar og sjómanna – hvað hefur Hafró gert til að tengjast sjómönnum og nýta upplýsingar frá þeim?

Oft er kvartað yfir litlu samstarfi sjómanna og Hafrannsóknastofnunar og í því sambandi nefnt að starfsmenn stofnunarinnar nýti sér illa eða ekki þær upplýsingar sem hjá sjómönnum liggja. Í erindinu er gefið yfirlit yfir samstarf síðustu ára, fyrirkomulag þess og með hvaða hætti Hafrannsóknastofnun nýtir þau gögn og upplýsingar sem berast frá sjómönnum og í gegnum þær samstarfsnefndir sem eru starfandi. Þá verða tekin nokkur dæmi um samstarfið og kostir og gallar þess ræddir.

Viðhorf skipstjóra á bolfiskveiðum

Farið verður yfir ólíkar skoðanir Hafró annars vegar og skipstjórnamanna hins vegar, á fiskgengd, göngumynstri stofna og mun á stofnum eins og grunnþorski og djúpþorski. Virðist sem stofnunin vilji ekki, nema í afar takmörkuðum mæli, samþykkja eða skoða tillögur skipstjórnamanna þegar kemur að göngumynstri stofna og breytinga í hafinu, svo sem sjávarhita á áhrif hans á lífríki sjávar.

Viðhorf skipstjóra á uppsjávarveiðum

Í fyrirlestrinum verður farið yfir leitarmynstur Hafró á loðnu (síld og makríl). Sérstaklega verður litið á tækjabúnað skipa til leita á uppsjávarfiski.

Ákvörðun um heildarafla – ráðgjöf, aflaregla, stimplun / – sjónarmið sjómanna, markaður og tækifæri

Landssamband smábátæigenda hefur um árabíl verið gagnrýnið á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Í erindinu er farið yfir aflareglu í þorski, frávik frá aflareglunni og spár Hafrannsóknastofnunar. Staða markaða fyrir þorsk, tækifæri sem eru lokuð vegna ósveigjanleika í aflareglu. Ívilnun vegna ánetjunar við veiðar sem lítt eða ekkert er tekið tillit til í aflareglu, við ráðgjöf né ákvörðun um heildarafla. Trúverðugleiki mælinga í togararalli gagnvart upplifun sjómanna.

Þáttur sjómanna í öflun, miðlun og túlkun upplýsinga um fiskistofna: Hugleiðing um mikilvægi og þróun viðhorfa

Upplýsingar og gögn sem safnað er við fiskveiðar gegna mikilvægu hlutverki til skilnings á fiskistofnum. Í erindinu verður fjallað stuttlega um valda þætti þessara mála byggt á reynslu úr íslenskum sjávarútvegi og tæpt á áhrifum innlendrar og alþjóðlegrar þróunar í fiskifræði og fiskveiðistjórnun á viðhorf og verklag á þessu sviði.



GLORÍAN

sem bylti flottrollsveiðum

***Gloríu flottroll Hampiðjunnar voru þróuð
í nánú samstarfi við íslenskar útgerðir,
skipstjórnarmenn
og sjómenn.***

***Á síðustu 27 árum hefur Hampiðjan
framleitt og selt yfir þúsund Gloríur
til útgerða í 28 löndum.***

HAMPIÐJAN

– veiðarfæri eru okkar fag

www.hampidjan.is

Laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni

Staða – Framtíðarsýn – Stefna (frh.)

Málstofa A4



Málstofustjóri:
Hermann
Kristjánsson CEO
Vaki Fiskeldiskerfi

Ráðstefnusalur:
Silfurberg B

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
11:50 – 13:40

Laxeldi er í hraðri uppbyggingu á Íslandi en skiptar skoðanir eru um samkeppnishæfni á alþjóðlegum mörkum. Getum við aukið samkeppnishæfni laxeldis á Íslandi, hverjir eru veikleikar og styrkleikar og hvaða leiðir er þá best að fara?



Umsjónarmaður málstofu:
Sverrir Guðmundsson
Ráðsgjafi
SG Consulting



Jostein Albert Refsnes
Adm.dir.
Fish Link/TRITON Think Tank

When will we operate fish farming with an iPhone?

Norway's fish farming industry must tackle the environmental challenges if growth shall be allowed. New technology (both mechanical and biotech) seems to be the answer. 33 applications for inexpensive concessions are at present being evaluated. What are the solutions? What new technologies are introduced? Will the inventions solve the problems or create new? Will Norway's fish farming strategies allow ICELAND fish farming industry an interesting competitive strategy?



Benedikt Hálfðanarson
Framkvæmdastjóri
Vaki fiskeldiskerfi

Tækni, aðferðir, nýjungar

Fjallað verður um nýjungar og tækni sem eru að ryðja sér til rúms í fiskeldi. Horft verður til búnaðar, lausna og aðferða bæði í seiðaeldi og matfiskeldi sem munu eiga stóran þátt í áframhaldandi iðnvæðingu greinarinnar.



Roger Halsebakk
CEO
Sölvtrans

Latest innovations and developments in well boat services

Short introduction about our history and key numbers, our market position and the market overview, fleet presentation, our multipurpose vessels with advanced technology and the future wellboat technology and trends.



Kristian Matthíasson
CEO
Arnarlax

How to position premium salmon from Iceland


There are several challenges that salmon producers in Iceland face when positioning their products. Not only do the producers have to address the challenges brought by the difficult logistics and the distance from the market. They also have to find the best way how to take advantage of the unique environment in order to achieve the premium positioning in the market. In this presentation the steps taken by Arnarlax to achieve premium positioning in the market are outlined.



Hugsaðu inn í boxið...

Flest nýsköpun felst í að koma auga á nýja möguleika í því sem fyrir er. Finna not fyrir það sem áður var hent. Sjá tengingar sem aðrir sjá ekki. Okkar hlutverk er að auðvelda þeim sem þetta geta að pakka hugmyndunum sínum inn og koma þeim í framkvæmd, okkur öllum til hagsbóta.

Matís er öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsóknar-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi.



Málstofa B4



Málstofustjóri:
Páll Scheving
Verksmiðjustjóri Ísfélag
Vestmanneyja

Ráðstefnusalur:
Sílfurberg A

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
11:50 – 13:40

Þróun vinnslu á uppsjávartegundum úr hafinu við Ísland síðustu tvo áratugi verður best lýst sem byltingu. Uppsjávargeirinn hefur þróað aðferðir í samvinnu við rannsóknastofnanir og tæknifyrirtæki til þess að bæta aflameðferð og nýtingu þessara tegunda þannig að verðmæti þeirra hefur margfaldast og áhrif á umhverfið minnkað. Nú er svo komið að uppistaðan af okkar tegundum í uppsjávarfiski eru nýttar til manneldis og það hráefni sem unnið er úr í fiskimjöl og lýsi er að mestu afskurður úr manneldisvinnslu. Sú tækni og það fyrirkomulag sem þróað hefur verið hér er orðin sjálfstæð útflutningsvara og horfa aðrar þjóðir til okkar sem fyrirmynd.



Umsjónarmaður málstofu:
Björn Brimar Hákonarson
Framleiðslustjóri Ísfélag
Vestmanneyja



Guðmundur Jóhann
Óskarsson, Fiskifræðingur
Hafrannsóknastofnun

Staða og horfur í veiðum á uppsjávarfiskum á næstu árum og áratugum

Rakinn verður þróun í stofnstærð og veiðum fimm uppsjávarfiskistofna og framtíðarhorfur metnar með tillit til þessa og stöðunnar í dag. Á meðan að sterkir árgangar hafa komið inn í makríl- og kolmunnastofninn, hefur nýliðun hjá síldarstofnunum tveimur verið döpur síðustu 10 ár. Þetta ásamt afföllum vegna sýkingar í sumargotssíldarstofninum endurspeglast í stofnstærð og veiðum þessara stofna. Stofnstærð loðnu hefur á þessu tímabili verið mun minni en áður fyrr þrátt fyrir sveiflur. Hvaða fyrirheit gefur þessi mynd um þróunina næstu ár og áratugi?



Sindri Sigurðsson
Verkefnis- og
vörupróunarstjóri
Síldarvinnslan

Þróun í frystingu á loðnu

Í erindinu er farið yfir hvernig vinnslutækni hefur þróast í frystingu á loðnu og hvernig aukin afköst og samþætting frystingu og fiskimjöls og lýsis hafa haft áhrif á ráðstöfun loðnuafra síðustu ár. Gefin er innsýn í eðli vinnunnar og hvernig aðbúnaður og vinnuaðstaða hefur tekið stakkaskiptum síðustu áratugin. Í lokin er velt upp ákveðnum spurningum og möguleikum varðandi frekari tæknivæðingu til aukinna afkasta og bættra ferlastýringa.



Steindór Gunnarsson
STG ráðgjöf

Upphaf og þróun loðnuhrognavinnslu á Íslandi

Uppgötvun á verðmætum í áður vannýttri aukaafurð í framleiðslu. Upphaf og þróun á nýtingu og vinnslu loðnuhrogna til manneldis.



Garðar Svavarsson
Framkvæmdastjóri
uppsjávarsíðs
HB Grandi

Grænu skrefin í fiskimjölsvinnslu – notkun rafmagns, hreinsun á frárennsli og vottun

Farið verður yfir þá umhverfisvænu þróun sem hefur átt sér stað í fiskimjölsverksmiðjum á síðustu árum, hvatann fyrir þeim skrefum og rýnt í ýmis tækifæri til að gera betur.

AFLANN Í ÖRUGGA HÖFN!



Fiskmarkaðir FMIS í Reykjavík og á Akranesi eru afar álitlegir kostir fyrir alla sem stunda sjósókn, hvort sem um ræðir smærri báta eða togara. Aðstaðan er öll hin glæsilegasta:

- Góð viðlega, löndunarkranar, rafmagn og vatn
- Slippur og aðstaða til viðgerða
- Varahlutir í skip
- Veiðafæraþjónusta
- Siglingatækjaþjónusta
- Fiskmarkaður
- Eldsneytisafgreiðsla
- Kæli-, frysti- og vörugeymslur
- Stutt í alla þjónustu og mikið úrval af afþreyingu
- Höfuðstöðvar helstu viðskiptafyrirtækja
- Heilsugæsla / Landspítali

Aflinn og áhöfnin eru í öruggum höndum í Reykjavík og á Akranesi.

www.faxaflaoahafnir.is

www.facebook.com/faxaports



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Málstofa C4



Málstofustjóri:
Alda Gylfadóttir
Framkvæmdastjóri
Einharmar Seafood

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
11:50 – 13:40

Hverjar hafa verið helstu tækniþróunir síðustu ár og hvernig hafa þær reynast? Hver eru helstu tækifæri til áframhaldandi tæknivæðingar til aukinnar sjálfvirkni í fiskvinnslu? Kemur tækniþróunin til með að rýra gæði afurða og nýtingu?



Umsjónarmaður málstofu:
Mikael Tal Grétarsson
Forstöðumaður
Icelandair Cargo



Ægir Jóhannsson
Framleiðslustjóri
Gjögur

Frá fortíð til framtíðar

Ég mund lýsa þeirri tækniþróun sem orðið hefur í vinnslunni hjá okkur á Grenivík síðastliðinn 2½ ár, en þá keyptum við vatnskurðavél frá Völku, forsnyrtilínu og sjálfvirkkan flokkara.



Aðalbjörn Frimannsson
Baader maður
Rammi

Tækninýjungar á vinnsludekki frystitogara

Það má sannarlega teljast bylting í vinnslu á íslenskum frystitogurum að Fiskistofa skuli heimila í fyrsta sinn niðurskurð á flökum sem unnin eru um borð. Farið verður yfir tækninýjungar á vinnsludekki Sólbergs, nýs frystitogara Ramma hf. sem væntanlegur er til landsins á fyrsta ársfjórðungi 2017.



Gísli Kristjánsson
Framleiðslustjóri
HB Grandi

Er hægt að ná fullkominni sjálfvirknivæðingu í fiskvinnslu?

Þróun í tækjabúnaði fyrir vinnslu á bolfiskafurðum hefur fleygt fram síðustu ár. Í erindinu er fjallað um ástæður þessarar þróunar út frá sjónarhóli bolfiskframleiðanda. Hverjir eru helstu kostir aukinnar sjálfvirkni, hvaða þörfum er enn ófullnægt, hvað er hægt að gera og hverjar eru helstu áskoranir við að ná fullkominni sjálfvirkni í vinnslu bolfiskafurða?



Ómar Enoksson
Framleiðslustjóri
Vísir

Álit á þeim búnaði sem er til staðar og framtíðarsýn

Þróun á þeim vinnslubúnaði sem við höfum í vinnslunni í dag og hvernig hann er að virka. Hvernig hægt er að ná fram meiri verðmætum úr hverju flaki fyrir sig og auknum afköstum í vinnslunni. Hvernig hægt er að tengja vinnslubúnaðinn og Innova saman til að hafa betri yfirsýn yfir vinnsluna. Hvernig ég sé vinnsluna þróast á næstu 3–5 árum.



Fjölbreyttur og öflugur sjávarútvegur

Hlutverk Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi er að gæta hagsmuna íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegri atvinnugrein.

Um 140 fyrirtæki í ýmsum stærðum um land allt eru í samtökunum, með starfsemi um allan heim - allt frá öflugum stórfyrirtækjum að smáum

nýsköpunarfyrirtækjum. Aðild að samtökunum geta öll fyrirtæki og sjálfstæðir atvinnurekendur fengið sem starfa í tengslum við sjávarútveg.

Öflugur sjávarútvegur er allra hagur.

sfs.is

Þátttakendur í pallborði



Sigurður Ólason
Framkvæmdastjóri
Marel



Ingólfur Arnarsson
Framkvæmdastjóri
Skaginn



Elliði Hreinsson
Framkvæmdastjóri
Curio



Bjarni A. Sigurgarðarsson
Framkvæmdastjóri
Vélfang



Helgi Hjálmarsson
Framkvæmdastjóri
Valka

Áreiðanleiki - Örugg varahlutapjónusta - Þekking og góð þjónusta



VÉLFAG
FISKVINNSLUVÉLAR



ÁRA
1995
2015

velfag.com

M505

Tölvustýrður
Bolfiskhausari



M705

Tölvustýrð
Bolfiskflökunarvél



M825

Tölvustýrð
Roðdráttarvél / sambyggð



M805

Tölvustýrð
Roðdráttarvél / sambyggð



M825

Tölvustýrð
Roðdráttarvél



M725

Bolfiskflökunarvél
Tölvustýrð fyrir Medium-XXXL bolfisk



Corrosion free
Afburða ending



Easy to clean
Auðveld þrif



Simple maintenance
Einfalt aðgengi



LÉTT

Náttúruleg blanda sem hjálpar til við þyngdarstjórn og hefur heilnæm og góð áhrif á orku-búskap líkamans og efnaskipti.



LÍÐIR

Kollagenrík náttúruafurð úr hafinu sem verndar liði, byggir upp bein og brjósk og hefur bólgu-eyðandi áhrif.



100%

Vatnsrofið fiskprótín sem styður viðhald og uppbyggingu vöðva á heilsu-samlegan máta.



Hreyfanleiki er lífsgæði

Til að byggja upp og viðhalda líkamlegum styrk og hreyfigetu þurfum við að gæta þess að næring og bætiefni innihaldi rétt byggingarefni fyrir líkamann.

Amínó fiskprótín vörurnar frá Protis stuðla að uppbyggingu og viðhaldi vöðva, bæta heilbrigði liða, auðvelda þyngdarstjórn og auka hreyfanleika.

Amínó fiskprótín er hreyfanleiki

Staða og tækifæri á bolfiskmörkuðum



Málstofustjóri:
Sigurgeir Brynjar
Kristgeirsson
Framkvæmdastjóri
Vinnslustöðin

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
14:10 – 15:45

Hver er staða helstu markaða og hver hefur þróunin verið undanfarin ár. Hverjar eru framtíðarhorfur á núverandi mörkuðum? Hver eru helstu tækifærin á okkar mörkuðum og hvar gætu tækifæri legið á nýjum mörkuðum? Hvað eru samkeppnislöndin okkar að gera sem við gætum lært af. Þessum spurningum verður meðal annars reynt að svara á málstofu um bolfiskmarkaði sem verður lokamálstofa ráðstefnunnar.



Umsjónarmaður málstofu:
Mikael Tal Grétarsson
Forstöðumaður
Icelandair Cargo



Jón Prándur Stefánsson
Yfirmaður greininga
Marko partner

Framboð og eftirspurn á hvítfiski og tækifæri á nýjum mörkuðum

Í erindinu verður fjallað um stöðu á hvítfiskmörkuðum og tækifæri á nýjum mörkuðum einkum fyrir útflytjendur frá Íslandi. Staða á helstu mörkuðum er greind m.t.t. magns og útflutningsverðs ásamt því sem fjalla um samkeppnisstöðu á einstökum mörkuðum. Sérstaklega verður fjallað um ferskfisk útflutning og hvernig hægt sé að skapa sérstöðu á mörkuðum. Jafnframt er fjallað um hvítfisk í samanburði við aðrar fisktegundir s.s. eldisfisk.



Helgi Anton Eiríksson
Forstjóri
Iceland Seafood

Tækifæri Bolfisks á mörkuðum, hvað eru samkeppnin að gera?

Fjallar verður um stöðu og tækifæri á bolfiskmörkuðum og horft til þess helsta sem samkeppnin er að vinna að og áhrif þess á stöðu og tækifæri íslenskra afurða. Hvert er Ísland og samkeppnin að stefna? Er líklegt að hefðbundnir markaðir Íslands muni breytast mikið á næstu árum eða nýir markaðir verða til?



Andrei Kouznetsov
European procurement
manager seafood
and ingredients
Marine Harvest VAP Europe

European Procurement Manager Seafood and Ingredients


The presentation zooms in on the fish market in France and Benelux with key statistics, current performance, segmentation and consumer standpoint.



Sólveig Arna Jóhannesdóttir
Markaðsstjóri
HB Grandi

Viðhorf, ímynd og hagsmunir

Viðhorf til og ímynd sjávarútvegs á Íslandi og hvaða hagsmunir eru í húfi.



Sjávarútvegsráðherra

Lokaávarp

Við erum með á sjó og landi

N1 sér íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum ekki aðeins fyrir eldsneyti, smurólú og efnavörum heldur líka vinnufatnaði, og alls konar rekstrarvörum svo eitthvað sé nefnt. Við erum stolt af því að vera hluti af kraftmiklum íslenskum sjávarútvegi.



Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2015 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

- 1. Lýsi úr makríl, síld og loðnu til manneldis. Marlýsi:** Notuð er hraðkaldhreinsun, sem gerir kleift að kaldhreinsa lýsi úr uppsjávartegundunum makríl, síld og loðnu. Fram til þessa hefur ekki verið unnt að kaldhreinsa á skilvirkan og hagkvæman hátt og fullhreinsa fyrrnefnt lýsi til manneldis vegna mikils magns mettaðra og langra einómettaðra fitusýra s.k. steríns í lýsinu. *Tengiliður: Snorri Hreggviðsson, Margildi ehf.*
- 2. Ljómandi krókar:** Hugmyndin er að setja flúr- og fosfórljómandi (sjálflýsandi) málningu á öngla sem notaðir er til að laða að fiskinn við veiðar. *Tengiliður: Katla Hrund Björnsdóttir, nemi við Háskólann á Akureyri.*
- 3. ITS uppbíðing:** Hugmyndin ITS uppbíðing (Individual Thawing System) gengur út á að losa í sundur blokkfrystan heilan fiski snemma í ferlinu og þýða upp staka fiska. *Tengiliður: Jónas Hallur Finnbogason.*

Marlýsi

Margildi ehf. er sprotafyrirtæki sem hefur á undanförunum tveimur árum þróað nýja og einstaka vinnsluaðferð, svokallaða hraðkaldhreinsun, sem gerir kleift að kaldhreinsa lýsi úr uppsjávartegundunum makríl, síld og loðnu. Fram til þessa hefur ekki verið unnt að kaldhreinsa á skilvirkan og hagkvæman hátt og fullhreinsa fyrrnefnt lýsi til manneldis vegna mikils magns mettaðra og langra einómettaðra fitusýra s.k. steríns í lýsinu.

Tækjabúnaður og vinnsluþrep hefðbundinnar lýsisframleiðslu eru nú þegar að mestu þekkt en nauðsynlegt er að bæta inn nýju vinnsluþrepi vegna hraðkaldhreinsitækni Margildis. Margildi hefur sótt um alþjóðlegt einkaleyfi á hraðkaldhreinsitækninni og er það í forgangsréttarferli.

Gangi fyrirætlanir eftir mun samkeppnisstaða íslenska fiskmjöls- og lýsisidnaðarins styrkjast verulega í kjölfarið þar sem skapast munu forsendur til að reisa og reka hérlandis sérhæfða lýsisverksmiðju sem byggir á þessari tækni. Á heildina litið mun tæknin nýtast öllum íslenskum uppsjavarveiði- og vinnsluadílum sem munu styrkja rekstrargrundvöll sinn með sölu á lýsi til manneldis sem er mun verðmætara en núverandi framleiðsla þeirra. Áætluð tekjuaukning sem þessi lausn gæti skapað fyrir fiskmjöls- og lýsisidnaðinn á Íslandi getur orðið allt að 4–6 milljarðar á ári sem ræðst af því hve vel tekst til í markaðssetningu og hagnýtingu afurða Margildis.



Snorri Hreggviðsson til hægri og Magnús Valgeir Gíslason til vinstri, handhafar Sviföldunnar 2015.



Hugmyndasmiðir sem voru með þrjár bestu framúrstefnuhugmyndirnar, talið frá vinstri: Jónas Hallur Finnbogason, Katla Hrund Björnsdóttir og Snorri Hreggviðsson

- Aðrar hugmyndir sem fengu umfjöllun í ráðstefnuhefti Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015 eru:
- Self-Service-Harbour. *Tengiliður: Torfi Már Hreinsson, ReMake Electric.*
- Vitinn – Gagnleg gögn til ákvarðanatöku. *Tengiliður: Páll Gunnar Pálsson, Matís*



Framleiðsluferli á Marlýsi hjá Margildi ehf.

Hráefni
Hrálýsi úr loðnu, síld og makríl

Framleiðsla
Ný aðferð við kaldhreinsun lýsis

Afurðir
Hágæða lýsi sem fæðubótarefni og hráefni í matvæli

Deloitte.



Það skiptir máli að nota réttar tölur
Sérhæfð þjónusta til sjávarútvegsfélaga
www.deloitte.is

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2014 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

1. Sporðskurður á fiski fyrir flökun
2. Viking Silver – Þangauður Breiðarfjarðar
3. Staðbundin áta fyrir þorskseidi



Sporðskurðavél 4Fish ehf.



Unnsteinn Guðmundsson,
handhafi Sviföldunnar 2014.

Sporðskurðarvél

Eitt af vandamálum í fiskflökun var og er gallatíðni í flökunarvélum sem skapast af því að sporður hangir saman eftir fráskurð sem veldur þunnildagöllum. Flökin festast í sköfuhnífum og veldur losi í flökum, en það var verkefnið sem hönnuður sporðskurðarvél- ar lagði upp með í upphafi. Reynslan varð mun betri en búist var við, flökunarvélur hættu að festast, inn- setningar mistök í flökunarvél minkuðu til muna þar sem hausaður fiskur verður 17% styttri og þar af leið- andi auðveldari í meðhöndlun. Bit í flökunarhnífum endist mun betur sem skilar betri nýtingu og áferðar fallettri flökum. Minna er um stopp þar sem skipta þarf um hnífa í flökunarvélum og er undantekning að hnífar séu bitlausir eftir daginn. Hægt er að nota frá- skurðarhnífa með meiri gráðu sem minnar brjósk og bein úr hryggsúlu í flökum. Tætingur í sporði er enginn eftir roðdrátt og jafnast roðdráttur úr eldri gerðum roð- véla á við nýjustu gerð roðvéla þar sem sporðskurður hefur átt sér stað, ásamt því að snyrting á sporði verður mun minni eða enginn. Hjá G.Run h/f Grundarfirði hefur vélin verið keyrð í tæp tvö ár og er niðurstaðan sú að afköst jukust strax um 20% vegna betra flæðis og heilli flaka, einnig minkaði hlutfall í blokk og marning um 25%.


Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2013 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

1. Fiskvali
2. Marsýn, upplýsingakerfi fyrir sæfarendur
3. Fiskislóðin – Vöktun á fiskigöngum um gervitungl nýtt við fiskveiðar

Fiskvali

Eitt af viðfangsefnum sjómanna er að það eru ekki alltaf réttu fiskarnir sem koma í veiðarfærið. Til að hafa stjórn á aflsamsetningu kemur Fiskvali að góðum notum en hann flokkar frá óæskilega fiska en sá fiskur sem sótt er eftir fer inn í poka botnvörpunnar. Þegar fiskur kemur inn í Fiskvala er hann skannaður, fiskstærð mæld og fiskurinn tegundagreindur. Til að ná fullkominni flokkun þarf fiskurinn að koma með jöfnu millibili inn í Fiskvala. Sendar eru tölulegar upplýsingar úr Fiskvala til skips, í gegnum hljóðbylgjumódem. Niðurstöður eru birtar í formi grafs sem sýnir fjölda fiska sem hleypt er inn í poka, fjölda fiska sem er sleppt, tegundir og stærðardreifingu. Fiskvali stuðlar að aukinni sjálfbærni botnvörpuveiða, flokkar frá undirmálsfisk, óæskilegar tegundir og sleppir fiski á veiðidýpi sem eykur líkur á að hann lifi.



Fiskvali, búa-
ður sem
stærðar- og
tegundagreindir
fiskinn í troll-
inu og flokkar
frá óæskilegar
tegundir.
Vinstra megin
er fyrsta kyn-
slóð af búnað-

inum sem var prófuð,
hægra megin er sýnd
stærðin af Fiskvalanum
sem Stjörnu-Oddi hefur
hug á að afgangi til
notenda.



Sigmar Guðbjörnsson,
handhafi Sviföldunnar
2013.



TÍMAMÓT Í ÚTGERÐARSÖGUNNI

Brim hf hefur þetta árið minnst þess að 60 ár eru liðin frá því Tjaldur SH 175 kom til landsins. Hann kom til Stykkishólms 7. febrúar 1956 eins og meðfylgjandi fréttatilkynningar vitna um.

Nýr bátur til Stykkishólms

STYKKISHÓLMI, 6. febrúar — Nýr bátur kom hingað s. l. sunnu dagskvöld. Heitir hann Tjaldur SH 175, og er smíðaður í Esbjerg í Danmörku og var smíði hans lokið 20. jan. s. l. Er báturinn 59 rúmlestir með 240 hestafla Alfa-yél. Er hann smíðaður úr eik og er hinn vandaðasti að öllum frágangi. Vistarverur skipverja eru snyrtilegar og rúmgóðar fyrir 11 menn, auk þess er klefi handa skipstj. Báturinn er vel búinn að siglinga- og öryggis-tækjum og vel gengið frá öllum hlutum.

Var hann rúma viku á leiðinni og kom við í Faereyjum. Á milli Faereyja og Íslands hreppti báturinn hið versta veður, og tafði það hann a. m. k. um einn sól-árhring. Reyndist hann hið beztu sjóskip í alla staði.

Í vetur verður hann gerður út frá Stykkishólmi og verður eigandi hans, Kristján Guðmundsson frá Nesi, skipstjóri á honum. Hann sigldi bátnum upp.

Ögæfir hafa verið miklar undanfarið. Í s. l. viku var t. d. ekki farið nema einu sinni á sjó, og fiskuðu bátarnir þá upp í 8 tonn. —Árni.

Morgunblaðið, 7. febrúar 1956.

Nýr bátur til Stykkishólms.

UM helgina kom nýr vélbátur til Stykkishólms, heitir hann „Tjaldur“, er 59 smálestir að stærð, með aluminium-yfirbyggingu og 260 hestafla Alfa-dieselvél. Í reynsluferð var ganghraði hans 10 mílur.

Báturinn, sem smíðaður er í Esbjerg, var átta daga á leiðinni út hingað. Hreppti hann slæmt veður, en reyndist hið beztu sjóskip. Eigandi og skipstjóri er Kristján Guðmundsson í Nesi, og er hann aðeins 27 ára að aldri. Báturinn er búinn öllum nýtísku tækjum, meðal annars Asdicstæki. Byrjar hann röðra á næstunni og ganga þá sjö vélbátar frá Stykkishólmi.

Alþýðublaðið, 7. febrúar 1956.

Koma þessa báts var mikið framfaraskref á sínum tíma og við hæfi að líta til baka á sjávarútvegsráðstefnu eins og þessari. Það minnir á gríðarlega og merkilega þróun í skipakosti okkar, tækni og í öllum aðbúnaði þeirra sem sjóinn sækja.




Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012



Björn Björnsson, handhafi Sviföldunnar 2012.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2012 voru þrjár hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

1. Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða – Hljóð til að safna saman fiski?
2. Stýranlegir toghlerar fyrir togveiðar og rannsóknir á olíusetlögum.
3. Fljótandi metan – Framtíðar orkugjafi sjávarútvegs á Íslandi.




Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða. Er hægt að nota fiska sem þekkja hljóðmerki til að teyma aðra fiska inn í gildru?

Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða – Hljóð til að safna saman fiski?

Hugmyndin byggir á því að lágtíðnihljóðmerki séu notuð til að safna fiskum að veiðitæki en áður verður að vera búið að kenna þeim að tengja hljóðmerkin við fóðrun. Hljóðmerki geta borist langar leiðir í sjó og eru sjávarfiskar næmastir fyrir hljóðum af lágrí tíðni (100–400 Hz). Þeir geta numið slík merki í margra kílómetra fjarlægð og þannig er möguleiki að senda fiskunum skilaboð um hvar fæðu sé að finna. Veiðiaðferð sem nýtir hljóðmerki á þennan hátt gæti hugsanlega orðið mikilvægur valkostur

við nýtingu fiskistofna þar sem hægt yrði að spara orku og tilkostnað við veiðarnar með því að láta fiskana sjá um að synda sjálfa að veiðitæki. Jafnframt gæti þessi veiðiaðferð dregið úr óæskilegum afföllum á smáfiski og fiskum í útrýmingarhættu þar sem aðferðin gerir mögulegt að flokka þá fiska frá og sleppa þeim ósködduðum. Þjóð sem nýtti slíka veiðiaðferð þætti líklega til fyrirmyndar um sjálfbæra nýtingu fiskistofna, orkusparnað, hráefnissgæði og dýravelferð. Jafnvel gæti stuðningur við rannsóknir á þessu sviði bætt ímynd sjávarútvegsins.

Þrautseigja og þor í 115 ár




Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2011 voru fjórar hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

1. Ljósveiðar, ljósvarpa.
2. Græna hringferli Íslenskrar Matorku.
3. Rafbátar til veiða innanfjarða.
4. Hjarðeldi á þorski.

Ljósveiðar, ljósvarpa

Veiðar með togvörpu eru gríðarlega mikilvægar og arðbærar fyrir íslenskt þjóðarþú og því mikilvægt að endurbæta þær. Það liggja umtalsverð tækifæri í að hugsa togveiðarfæri upp á nýtt. Framúrstefnuhugmynd að togveiðifærum byggir á tækni sem einnig gæti nýst í öðrum veiðafærum. Togveiðarfæri byggja á því að draga net í gegnum vatn, með miklu dráttarviðnámi og töluverðri orkunotkun og tilheyrandi losun koltvísýrings. Valvirkni þessara veiðarfæra er takmörkuð og botnvörpur liggja undir ámæli fyrir að snerta sjávarbotn og hefur sums staðar verið í umræðunni að takmarka eða banna botnvörpuveiðar. Í stað þess að nota hefðbundna vörpu er notuð varpa sem ekki kemur við sjávarbotn og í stað þess að nota áþreifanlegt garn til að smala fiski þá er búið til ímyndað net eða veggur úr laserljósi. Framúrstefnuveiðar með laserljósi, munu stuðla að umhverfisvænum veiðum, og lágmarka röskun á sjávarbotninum.



Samanburður á hefðbundinni botnvörpu (til hægri) og fyrirhugaðri ljósvörpu.

Hjálmar Sigurþórs-son hjá Tryggingarmiðstöðinni afhendir verðlaun fyrir bestu framúr-
stefnuhugmynd til Höllu Jónsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð og við hlið hennar er Einar Hreinsson frá Hafrannsóknastofnun.



 **ÍSFÉLAG**
VESTMANNAEYJA HF.



Sjávarútvegsráðstefnan 2015

Fjöldi þátttakenda

Sjötta ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Hilton Reykjavík Nordica dagana 19.-20. nóvember. Samtals voru skráðir um 760 þátttakendur á ráðstefnunna.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Bylgja Hauksdóttir formaður, Alda Gylfadóttir, Björn Brimar Hákonarson, Guðbrandur Sigurðsson, Rannveig Björnsdóttir og Sara Lind Þrúðardóttir. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og CP Reykjavík sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusölum.

Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:
Íslenskur sjávarútvegur 2015

- Lengi býr að fyrstu gerð – Frá veiðum til vinnslu
- Ný nálgun við markaðssetningu íslenskra sjávarafurða
- Hvaða tækifæri sjá erlendir aðilar í íslensku fiskeldi?
- Eru tækifæri fyrir Íslendinga í umhverfismálum?
- Togveiðar – Áskoranir til framtíðar
- Sjávarútvegur og samfélagsábyrgð
- Ferskfiskflutningar og markaðir
- Af hverju eru ekki fleiri konur í stjórnunarstöðum í sjávarútvegi?
- Sameiginleg markaðssetning

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Arion banki til veglegrar móttöku í höfuðstöðvum bankans.

Við þökkum stuðninginn

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. þakkar öllum þeim aðilum sem studdu okkur fjárhagslega. Ykkar framlag gaf okkur tækifæri á því að halda þátttökugjaldi á Sjávarútvegsráðstefnunni 2015 í hófi. Einnig þökkum við öllum þeim aðilum sem héldu erindi, málstofustjórum og öðrum sem aðstoðuðu okkur við skipulagningu og framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsráðstefnuna 2015, s.s. dagskrá, ráðstefnuhefti og einstök erindi er hægt að sækja á vef félagsins: www.sjavarutvegsradstefnan.is



Málstofan Sameiginlega markaðssetning. Frá vinstri: Inga Hlín Pálsdóttir, Helgi Anton Eiríksson, Jens Garðar Helgason, Árni Geir Pálsson, Brynjólfur Eyjólfsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra.




Málstofan Lengi býr að fyrstu gerð – Frá veiðum til vinnslu. Frá vinstri: Haukur Guðbergur Einarsson, Rósa Guðmundsdóttir, Hrannar Jón Emilsson, Kristján G. Jóakimsson, Arnar Atlason og Ragnar Hjörtur Kristjánsson.



Málstofan Hvaða tækifæri sjá erlendir aðilar í íslensku fiskeldi? Frá vinstri: Kristian Mathíason, Höskuldur H. Ólafsson, Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, Jónas Jónasson og Árni Páll Einarsson.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015





Fast þeir sækja sjóinn!

Við bjóðum öll veiðarfæri og tengdan búnað sem þarf um borð í íslensk fiskiskip

Ísfell er eitt öflugasta fyrirtækið á Íslandi í þjónustu við sjávarútveginn. Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar- og rekstarvörur ásamt veiðafæragerð um land allt. Sterk staða Ísfells markast helst af góðu vöruúrvali, þjónustu og mikilli þekkingu starfsfólks á íslenskum sjávarútvegi.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Sjávarútvegsráðstefnan 2014

Fjöldi þátttakenda

Fimmta ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel Reykjavík dagana 20.-21. nóvember. Samtals voru skráðir um 550 þátttakendur á ráðstefnuna.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Erla Kristinsdóttir, formaður, Bylgja Hauksdóttir, Gísli Gíslason, Grímur Valdimarsson, Guðbrandur Sigurðsson og Rannveig Björnsdóttir. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Congress Reykjavík sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusölum.

Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnakerfi?
- Uppsjávarfiskur – Þögla byltingin
- Eru fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi?
- Tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi
- Sjávarútvegur og menntun
- Nýsköpun í kæli- og frystitækni
- Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?
- Vinnsla á sjó eða vinnsla í landi?
- Markaðir til framtíðar

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Íslandsbanki til veglegrar móttöku í Miðgarði á Grand hóteli.

Við þökkum stuðninginn

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. þakkar öllum þeim aðilum sem studdu okkur fjárhagslega. Ykkar framlag gaf okkur tækifæri á því að halda þáttökugjaldi á Sjávarútvegsráðstefnunni 2014 í hófi. Einnig þökkum við öllum þeim aðilum sem héldu erindi, málstofustjórum og öðrum sem aðstoðuðu okkur við skipulagningu og framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsráðstefnuna 2014, s.s. dagskrá, ráðstefnuhefti og einstök erindi er hægt að sækja á vef félagsins: www.sjavarutvegsradstefnan.is

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014



Opnun Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014, Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra.



Móttaka í boði Íslandsbanka í Miðgarði á Grand Hótel Reykjavík.



Opnunarmálstofan Íslenskur sjávarútvegur. Frá vinstri: Kristján Hjaltason, Erla Kristinsdóttir og Jóhán H. Williams.

Alda

ICELAND



**ALDA ER 100% NÁTTÚRULEGUR, SYKURLAUS
SÍTRÓNUDRYKKUR MEÐ ÍSLENSKU KOLLAGEN.**

Alda er framleidd af Steðja í Borgarfirði í samstarfi við Codland. Alda er búin til úr íslensku vatni ásamt hreinu kollagen sem er náttúrulegt prótein framleitt úr íslensku þorskroði.

codland

www.aldaiceland.com

Sjávarútvegsráðstefnan 2013

Fjórða ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel Reykjavík dagana 21.-22. nóvember. Samtals voru skráðir um 550 þátttakendur en flestir voru þeir um 440 á ráðstefnustað.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Inga Jóna Friðgeirsdóttir, formaður, Anna Kristín Daníelsdóttir, Erla Kristinsdóttir, Gísli Gíslason, Grímur Valdimarsson og Lúðvík Börkur Jónsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Congress Reykjavík sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusölum og héldu út Facebook síðu.

Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni?
- Sjávarlíftækni – Hvað er í hendi?
- Flutningur á ferskum fiski
- Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar?
- Heimsframboð samkeppnistegunda botnfiska
- Deilistofnar = Deilustofnar?
- Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða samherjar?
- Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu?
- Sameiginlegt markaðsstarf
- Þróun í vinnslutækni

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Landsbankinn til veglegrar móttöku í Miðgarði á Grand hótél.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013 voru samtals 8 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013 voru; Landsbankinn, Eimskip, Sæmark, N1, Tryggingamiðstöðin og Oddi. Aðrir styrktaraðilar voru: Deloitte og Matís.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013



Setning Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.



Sigurður Ingi Jóhansson í ræðupóliti og frá vinstri; Inga Jóna Friðgeirsdóttir, formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Kristján Hjaltason, Þór Sigfússon, Magnús Bjarnason og Hjálmar Sigurþórsson.



Framtíðar viðskiptavinir Sjávarútvegsráðstefnunnar, nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum.



Stolt siglir fleyið mitt

Sérhæfð þjónusta til sjávarútvegsfyrirtækja

www.deloitte.is

Sjávarútvegsráðstefnan 2012

Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Þriðja ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel Reykjavík dagana 8.-9. nóvember. Ráðstefnan bar heitið Horft til framtíðar. Samtals voru skráðir þátttakendur um 400 en tæplega 400 manns mættu á ráðstefnustað.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Kristján Hjaltason formaður, Anna Kristín Daníelsdóttir, Finnbogi Alfreðsson, Hjörtur Gíslason, Inga Jóna Friðgeirsdóttir og Lúðvík Börkur Jónsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusölum.

Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf?
- Framtíðartækifæri í fiskeldi
- Allt hráefni á land?
- Er framtíð í fullvinnslu á Íslandi?
- Heimsframboð helstu botnfisktegunda
- Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi
- Opportunities for the seafood industry of Iceland in the EU, now or as member.

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Arion banki til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Borgartúni 19 í Reykjavík.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012 voru samtals 19 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012 voru; Arion banki, Icelandair cargo, Samhentir, Tryggingamiðstöðin, Icelandic group. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: AKVA group, Deloitte, Einhamar, Eskja, Frostfiskur, Fiskvinnslan Kambur, Guðmundur Runólfsson, Hólmadrangur, Íslands-saga, Klofningur, Matís, Rannsóknþjónustan Sýni og Stormur seafood.



Málstofan Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf? Frá vinstri: Terje E. Martinussen, Bylgja Hauksdóttir, Guðmundur Kristjánsson og Guðný Káradóttir.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. fremri röð frá vinstri; Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Kristján Hjaltason formaður og Anna Kristín Daníelsdóttir. Aftari röð frá vinstri; Hjörtur Gíslason, Lúðvík Börkur Jónsson og Finnbogi Alfreðsson.



Nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum. Fremri röð frá vinstri; Sigmar Örn Hilmarsson, Sigurður Steinn Einarsson, Andri Fannar Gíslason og Orri Filippusson. Aftari röð frá vinstri; Björn Ingason, Böðvar Már Styrmisson, Fannar Freyr Magnússon og Kristján Sindri Gunnarsson.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012



Sjávarútvegsráðstefnan 2011

Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Önnur ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík dagana 13.-14. október. Ráðstefnan bar heitið **Frá tækifærum til tekjusköpunar**. Samtals voru skráðir þátttakendur 320 en tæplega 300 manns mættu á ráðstefnustað.

Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinnsson, Hjörtur Gíslason, Kristján Hjaltason og Sjöfn Sigurgísladóttir. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusal.

Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðstækifæri í Evrópu
- Sóknarfæri í veiðitækni
- Markaðssvæði framtíðarinnar
- Vöruþróun
- Sjávarútvegur og fjölmiðlar
- Tækifæri erlendis
- Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur
- Sjávarklasinn á Íslandi
- Samantekt, pallborðsumræður og verðlaunaafhending

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Marel til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Austurhrauni 9 í Garðabæ.

Móttaka

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Marel til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Austurhrauni 9 í Garðabæ.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011 voru samtals 23 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; Íslandsbanki, Brim og Tryggingamiðstöðin. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: Deloitte, FISK seafood, Icelandair cargo, Íslenskar sjávarafurðir, Ísfélag Vestmanneyja, Íslandsstofa, KG fiskverkun, Landsbankinn, Marel, Maritech, Matís, MSC, Navis, Ný-Fiskur, Plastprent, Samtök fiskvinnslustöðva, Samskip, Trackwell Vísir og Þorbjörn.



Hluti þátttakenda á Sjávarútvegsráðstefnunni.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. frá vinstri; Hjörtur Gíslason, Guðbrandur Sigurðsson formaður, Sjöfn Sigurgísladóttir, Kristján Hjaltason, Halldór Þórarinnsson og Halldór Ármannsson á sér mynd.



Málstofan Tækifæri erlendis. Frá vinstri: Helgi Anton Eiríksson, Magnús Gústafsson, Elín Björk Ragnarsdóttir og Bjartmar Pétursson.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011



Sjávarútvegsráðstefnan 2010

Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Fyrsta ráðstefna Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík, mánudaginn 6. september og þriðjudaginn 7. september. Heiti ráðstefnunnar var **Hafsjór tækifæra**. Ráðstefnan var vel sótt og skráðu sig 314 manns en þátttakendur voru flestir um 250 í ráðstefnusal fyrir hádegi á mánudeginum.

Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinnsson, Hjörtur Gíslason, Sjöfn Sigurgísladóttir og Svavar Svavarsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað.

Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðsmál og vörupróun
- Vörumerkið Ísland
- Tækifæri til verðmætasköpunar
- Umhverfismerkingar
- Ferðaþjónusta og sjávarútvegur
- Samantekt og umræður

Í lok erinda á mánudeginum bauð HB Grandi til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Norðurgarði, en þar mætti stór hluti ráðstefnugesta.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru samtals 26 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; HB Grandi, Landsbankinn og Icelandic group. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: Faxaflóahafnir, Fiskmarkaður Íslands, Fjarðarnet, Fram Foods, Hafnarfjarðarhöfn, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Landsamband íslenskra útvegsmanna, Landsamband smábátaeigenda, Lýsi, Íslandsbanki, Marel, Maritech, Mátis, Oddi, Plastprent, Reiknistofa fiskmarkaða, Samhentir Kassagerð, Síldarvinnslan, Skinney – Þinganes, Smyril Blue Water, Vélasalan, Vinnslustöðin og Ögurvík.



Séð yfir Gullteig, ráðstefnusal Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf., Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins á sér mynd og frá vinstri; Sjöfn Sigurgísladóttir, Hjörtur Gíslason, Halldór Þórarinnsson, Svavar Svavarsson og Halldór Ármannsson.



Þátttakendur í panel frá vinstri; Erla Kristinsdóttir, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Eggert B. Guðmundsson, Friðrik Pálsson og Helga Viðarsdóttir.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010





HÁGÆÐA HRÁEFNI ÞARFNAST HÁGÆÐA VINNSLU

Meðhöndlun og vinnsla geta skipt
sköpum fyrir gæði hráefnisins.

Háþróaður tækja- og hugbúnaður
frá Marel er hannaður til að
hámarka afköst, gæði og nýtingu á
hráefni.

Fáðu nánari upplýsingar hjá
sölumönnum í síma 563 8000 eða
á marel.is

ADVANCING
FOOD PROCESSING

The Marel logo consists of a stylized red 'm' followed by the word 'arel' in blue.



Deloitte.



HAMPIÐJAN



**ICELANDIC
GROUP**



StofnFiskur

